

ÚTTEKT Á STARFSEMI


Menntaskólans á Tröllaskaga

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

15. nóvember 2014

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

*Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og
Sveinborg Haflíðadóttir*



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum, foreldrum og skólanefnd fyrir aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 15. nóvember 2014

Árný Elíasdóttir, Ragnildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir

Efnisyfirlit

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	5
1. INNGANGUR	7
1.1. Gagnaöflun.....	7
2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS	8
2.1. Nemendur	8
2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda.....	9
2.1.2. Brottfall nemenda	10
2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara	11
2.2. Mannauður	11
2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl	11
2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna	12
2.2.3. Sí- og endurmenntun	13
2.2.4. Starfsánægja	14
2.3. Áherslur og stefna skólans.....	14
2.3.1. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum.....	15
2.3.2. Jafnréttisstefna	15
2.3.3. Forvarnar- og lýðheilsustefna.....	16
2.3.4. Heilsueflandi framhaldsskóli	16
2.3.5. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt.....	17
2.4. Húsnæði og aðbúnaður.....	17
2.4.1. Eftirlit úttektaraðila	18
2.4.2. Öryggisráð skólans.....	18
2.5. Lög og reglugerðir.....	19
2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins	19
2.7. Námsbrautir	19
2.7.1. Félags- og hugvísindabraut	19
2.7.2. Íþróttá- og útivistarbraut.....	19
2.7.3. Listabraut	20
2.7.4. Náttúrufræðibraut.....	20
2.7.5. Starfsbraut	20
2.7.6. Fjarnám	20
2.8. Mat úttektaraðila	21
3. SKÓLANÁMSKRÁ	24
3.1. Endurskoðun skólanámskrár	24
3.1.1. Grunnþættir menntunar	24
3.2. Tengsl skólastiga	25
3.3. Námsmat.....	26

3.3.1. Árangur og einkunnir	27
3.4. Mat úttektaraðila	28
4. STJÓRNUN OG REKSTUR	29
4.1. Stjórnskipulag og skipurit	30
4.1.1. Skólaráð.....	30
4.1.2. Skólanefnd.....	30
4.2. Ákvarðanatataka	32
4.3. Nemendafélag.....	32
4.4. Mat úttektaraðila	33
5. NÁM OG KENNSLA.....	35
5.1. Fjölbreytni.....	35
5.2. Kennsluhættir	35
5.2.1. Jafnréttiskennsla.....	38
5.3. Lýðræði	38
5.4. Próunarverkefni	39
5.5. Mat úttektaraðila	40
6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI.....	42
6.1. Líðan nemenda	42
6.2. Einelti og agamál.....	43
6.3. Félags- og tómstundastarf	43
6.4. Jafnrétti meðal nemenda	44
6.5. Náms- og starfsráðgjöf	44
6.6. Forvarnar- og áfallaráð	46
6.7. Mat úttektaraðila	46
7. INNRA MAT	48
7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd	48
7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati.....	48
7.3. Mat á frammistöðu kennara	49
7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats	49
7.5. Mat úttektaraðila	49
8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGSL.....	51
8.1. Foreldraráð	51
8.2. Samstarf við grenndarsamfélag	52
8.3. Lýðræði og þátttaka	52
8.4. Upplýsingaflæði.....	52
8.5. Mat úttektaraðila	53
9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR	54
9.1. Almenn stöðþjónusta.....	54

9.2. Starfsbraut.....	54
9.3. Mat úttektaraðila	55
10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA	56
10.1. Styrkleikar og veikleikar	56
10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	57
10.3.1. Skólinn.....	57
10.3.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	57
VIÐAUKAR.....	58
Viðauki 1 - Fjöldi nemenda eftir námsbrautum á vorönn 2013.....	58
Viðauki 2 - Fjöldi nemenda eftir námsbrautum 2010 - 2014.....	58
HEIMILDIR.....	59

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á framhaldsskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennar upplýsingar um starfsemi hans. Lagt er mat á stjórnun og rekstur, skólanámskrá, nám og kennslu, skólabrag og samskipti, samstarf við foreldra, sérþarfir nemenda og kannað hvort innra mat skólans mætir ákvæðum aðalnámskrár og þörfum skólans.

Menntaskólinn á Tröllaskaga var stofnaður árið 2010 og er yngsti framhaldsskóli landsins með þá sérstöðu að mótast út frá nýjum lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá og að vera lítill dreifnámsskóli með fjölbreytt námsval og námsmat. Frá upphafi hefur meðalnámstími til stúdentsprófs verið þrjú ár. Skipurit skólans, starfslýsingar og ábyrgðarskipting stjórnenda liggja fyrir. Skipuritið virðist að mestu leyti henta stærð hans og verkefnum en auka mætti starfshlutfall aðstoðarskólameistara. Í yfirstjórn skólans eru eingöngu konur en í allri stjórnun er hlutfallið 33,3% karlar og 67,7% konur. Skólanefnd er skipuð einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn. Nefndin er mjög virk, er m.a. samráðsaðili skólameistara, hefur haft frumkvæði að stefnumótun og fylgst vel með starfi skólans. Rekstur skólans var hallalaus árið 2013.

Starfsmannavelta er lítil, mikil ánægja er með stjórnendum skólans og starfsmenn hafa góðan aðgang að þeim. Faglegt frelsi kennara er mjög mikið. Tæp 65% kennara við skólann hafa lokið meistarágráðu og vel hefur gengið að laða að skólanum menntað fólk. Ekki eru allir kennarar skólans menntaðir á sínu fagsviði né hafa þeir allir full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Fjölbreytt námsval í litlum skóla gerir það að verkum að í sumum tilfellum kenna kennarar fleiri greinar en þeir eru menntaðir í. Skólinn reynir hins vegar að uppfylla faglegar kröfur til kennara í framhaldsskóla með samstarfi við aðra skóla, t.d. Fjarmentaskólann.is, og með því að fá aðra kennara erlenda sem innlenda tímabundið til kennslu. Skriflegt ferli er fyrir móttöku nýrra kennara sem auk þess fá leiðsagnarkennara. Formleg sí- og/eða endurmenntunarstefna/-áætlun er til staðar. Framboð á endurmenntun kennara virðist nægjanlegt, stuðningur stjórnenda mikill og skipulag námsins, þ.e. að kennari geti skipt tímabundið yfir í fjarkennslu, eykur verulega svigrúm kennara til að sækja sér endurmenntun. Skólameistari hefur átt formleg, regluleg starfsmannasamtöl við alla starfsmenn síðan 2012 og framkvæmd gengið vel.

Húsnæði og aðbúnaður skólans uppfyllir að nokkru þarfir hans en húsnæðið er nú þegar orðið of lítið. Skólasafn nýtist vel í skólastarfinu. Fjölbreytt námsframboð virðist koma

að mestu leyti til móts við þarfir nemendahópsins, bæði í dagskóla og fjarnámi. Nemendum er veitt aukið svigrúm í námsvali með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni og sjálfstæði nemenda og notkun upplýsingatækni. Mikil ánægja er meðal nemenda með skólann og námið en rýna má betur í líðan nýnema þar sem kannanir þar að lútandi eru misvísandi. Skólinn hafnar engum umsækjendum en brottfall nemenda er mjög lítið. Samræmdar áfangalýsingar skv. aðalnámskrá liggja fyrir og í kennsluáætlunum eru skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni og gerð grein fyrir námsmati sem er fjölbreytt leiðsagnarmat m.a. með samræmdum, vikulegum verkefnaskilum, umsögn umsónarkennara á þriggja vikna fresti og miðannarmati. Byggð hafa verið upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist þörfum þeirra vel sinnt. Engin formleg stefna er fyrir heimavinnu en skólinn starfar samkvæmt nýrri aðalnámskrá þar sem vinnutími nemenda reiknast í námseiningum.

Starfsandi í skólanum og traust til yfirstjórnar mælist mjög hátt og samvinna með ágætum. Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum en einelti er mjög lítið. Lýðræðisleg aðkoma nemenda að náminu og skólastarfinu er nokkur en má auka m.a. með virku skólaráði. Skólinn hefur tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og fjölmörgum þróunarverkefnum á síðustu árum, sem flest hafa skilað sér í námið. Nemendafélagi skólans hefur gengið erfiðlega að halda úti fjölbreyttri starfsemi. Innra mat skólans uppfyllir að mestu leyti viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Flestir þættir skólasamfélagsins eru metnir en æskilegt væri að fulltrúi nemenda sæti í sjálfsmatshópnum svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins. Foreldraráð er lítið virkt en gott samstarf er milli foreldra og stjórnenda skólans. Samstarf skólans við grunnskóla sveitarfélagsins og svæðisins virðist með ágætum, samstarf við aðra framhaldsskóla er mikið en samstarf við háskóla mætti auka. Skólinn á í mjög miklu samstarfi við grenndarsamfélagið sem báðum aðilum hefur gagnast vel.

Helstu styrkleikar skólans eru sérstaða hans í námsfyrirkomulagi, námsmati og kennsluháttum og notkun upplýsingatækni, metnaðarfullt, samstillt og vel menntað starfsfólk, ánægðir nemendur og starfsfólk og jákvæður skólabragur, markviss stjórnun, trúverðugir stjórnendur og mikil tengsl skóla og jákvæðs grenndarsamfélags sem skólinn hefur hækkað menntunarstig í. Veikleikar eru þeir helstir að húsnæði er of lítið og viðhaldi ábótavant, mötuneyti ekki til staðar, foreldraráð lítið virkt og félagslíf nemenda á erfitt uppdráttar. Helstu tillögur til úrbóta eru að nemendur eigi fulltrúa í sjálfsmatshópi, húsnæðisþörf skólans verði metin, starfshlutfall aðstoðarskólameistara verði aukið, rýnt verði betur í líðan nýnema og af hverju svo mörgum þeirra finnst námið of létt og skoða frekar skipulag félagsstarfs nemenda og ástæður fyrir slakri þátttöku þeirra þar.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina. Í úttektinni er lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Skólann og umhverfi hans
- Skólanámskrá
- Stjórnun og rekstur
- Nám og kennslu
- Skólabrag og samskipti
- Innra mat
- Samstarf við foreldra og ytri tengsl
- Sérþarfir nemenda

Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi skólans og niðurstöðum úttektarinnar. Þá er lýst styrkleikum og veikleikum hans. Að lokum eru lagðar fram tillögur til úrbóta og viðaukar.

1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknum. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar úttektinni eru lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og starfsáætlanir skólans, áfangalýsingar, kennsluáætlanir, tölur um skólasókn, heimasíða hans auk annarra gagna (sjá heimildaskrá).

Fundað var með skólameistara og aðstoðarskólameistara/áfangastjóra (hér á eftir vísað í sem yfirstjórn skólans), fullskipaðri skólanefnd, rýnihópi kennara og umsjónarmanni sérkennslu, rýnihópi annarra starfsmanna en kennara, rýnihópi nemenda, foreldrum úr foreldraráði og náms- og starfsráðgjafa sem einnig er aðstoðarskólameistari/áfangastjóri.

Úttektaraðilar völdu fulltrúa í rýnihópi kennara í samráði við formann kennarafélags skólans. Fulltrúa nemenda valdi formaður nemendafélags. Alls var rætt við um 30 manns. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til skólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Gögn skólans voru almennt mjög góð.

2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTR) var stofnaður árið 2010. Skólinn er á Ólafsfirði og býður nemendum upp á aukið svigrúm í námsvali til stúdents- og framhaldsskólaprófs. Stefna skólans er metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni og sjálfstæði nemenda. Einkunnarorð skólans eru frumkvæði – sköpun – áræði. Gert er ráð fyrir að nemendur eigi samfelldan vinnudag í skólanum en námið skiptist í verkstjórn kennara, sjálfstætt nám með aðgengi að námsaðstoð eða fjarnám. Skólinn nýtir sér kennslukerfi til verkefnaskila og upplýsinga fyrir nemendur. Nemendur eru 213 og starfsmenn eru 25 í 18,97 stöðugildum, þar af 17 kennarar í 12,62 stöðugildum.

2.1. Nemendur

Nemendur skólans eru á haustönn 2014 alls 213 en voru 170 á vorönn. 61% nemenda haustið 2014 eru í dagskóla en í fjarnámi eru 39%. Kynjahlutfall er 54% konur og 46% karlar. Á haustönn 2014 er yngsti nemandi skólans fæddur 1999 en sá elsti 1944. Nemendur 25 ára og eldri voru 22% nemenda í 15,3 nemendaígildum, þ.e. 11% af nemendaígildum haustannar. Að sögn stjórnenda og kennara geta eldri nemendur breytt andrúmsloftinu í kennslustofunni til hins betra og séu því verðmætir nemendur. Sumir hverjir hafi síðan lokið háskólaprófi. Ef takmarka eigi aðgang eldri nemenda að framhaldsskólum vinni það gegn því markmiði að hækka menntunarstig á landsbyggðinni. Meðalstærð námshópa innan skólans má sjá í töflu 1. Tafla 2 sýnir fjölda nemenda við skólann 2010 - 2014. Nemendafjöldi eftir námsbrautum á vorönn 2013 má sjá í Viðauka 1. Í Viðauka 2 má sjá fjölda nemenda eftir námsbrautum 2010 – 2013.

Tafla 1. Meðalstærð námshópa á haustönn 2013 og vorönn 2014.*

Námshópur	Haustönn 2014	Vorönn 2014
Eftir áföngum	15	14

*Fjöldaviðmið eru misjöfn eftir því hvort áfangar eru verk- eða bóklegir. Einnig eru áfangar á starfsbraut með minni hópa eða um fjóra nemendur.

Tafla 2. Fjöldi nemenda á árunum 2010-2014.

Skólaár/annir	Dagskóli	Fjarnám	Samtals
Skólaárið 2010-2011			
• Vor	79	0	79
Skólaárið 2011-2012			
• Haust	91	0	91
• Vor	105	0	105
Skólaárið 2012-2013			
• Haust	129	41	170
• Vor	140	43	173
Skólaárið 2013-2014			

Skólaár/annir	Dagskóli	Fjarnám	Samtals
• Haust	131	48	179
• Vor	125	43	168
Skólaárið 2014 - 2015			
• Haust	130	83	213

2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda

Að sögn yfirstjórnar tekur skólinn inn alla nemendur sem sækja um skólavist. Stefna skólans sé að hann endurspegli fjölbreytileika þess samfélags sem hann er hluti af og að skólinn geti þjónað jafnt afburða nemendum sem seinfærum á öllum sviðum. Ekki er litið til meðaleinkunnar nemenda úr grunnskóla heldur horft á einstaklinginn og hvernig sé hægt að styðja hann í að ná þeim markmiðum sem hann stefnir að. Nemendur skólans eru flestir úr Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð en þeim hefur fjölgað sem sækja hann annars staðar að. Að sögn skólanefndar og stjórnenda ríktu ákveðnir fordómar gagnvart skólanum í upphafi en verulega hafi dregið úr þeim. Tafla 3 sýnir dreifingu nemenda eftir búsetu á vor- og haustönn 2014. Í töflu 4 má sjá inntöku og aðsókn í MTR en þar má sjá að aðsókn er nokkuð breytileg milli ára. Umsóknir um skólavist á haustönn 2014 voru 77 en voru 92 fyrir allt skólaárið 2013- 2014.

Tafla 3. Dreifing nemenda eftir búsetu vor- og haustönn 2014.

haustönn 2014		vorönn 2014		Búseta
Fjöldi	%	Fjöldi	%	
67	31%	60	36%	Siglufjörður
58	27%	47	28%	Ólafsfjörður
26	12%	22	13%	Dalvík
17	8%	14	8%	Akureyri
12	6%	15	9%	Reykjavík
33	15%	11	7%	Frá öðrum stöðum

Tafla 4. Inntaka og aðsókn í MTR 2010 – 2014.

Skólaár	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykktra umsókna	Hlutfall samþykktra umsókna
Skólaárið 2010-2011	111	111	100%
Skólaárið 2011-2012	77	77	100%
Skólaárið 2012-2013	114	114	100%
Skólaárið 2013-2014	92	92	100%
Skólaárið 2014-2015, haustönn	74	74	100%

2.1.2. Brottfall nemenda

Í sjálfsmatskýrslum skólans segir að skólinn hafi sett sér viðmið um að brottfall sé sem minnst og að það sé undir 20%. Að sögn yfirstjórnar var stuðst við tölur um brottfall frá Hagstofu Íslands frá 2002 – 2003 sem var þá 19,3%.¹ Við MTR eru engin lokapróf en einkunnir byggjast á símati. Brottfallstölur taka mið af þessari sérstöðu skólans. Almennt eru þeir sem ekki skila sér til prófs taldir til brottfalls í öðrum skólum. Vel er fylgst með mætingu í skólanum og sé hún undir 90% er brugðist við, nemendur þurfi að útskýra fjarvistir og undirliggjandi ástæður kannaðar. Með þessum aðgerðum tekst skólanum að minnka fjarvistir og því hefur engum nemendum verið vísað úr skóla vegna slægrar mætingar. Tafla 5 sýnir brottfallshlutfall nemenda. Yfirstjórn segir að lágt brottfall hafi komið á óvart, hún hafi ekki átt von á því miðað við hve fjölbreyttur nemendahópurinn væri þ.m.t. fjarnámsnemendur. Minna brottfall skýrist að mati yfirstjórnar m.a. af skipulagi námsins, þ.e. vikulotum og skil á verkefnum undantekningalaust á ákveðnum tíma sem skapi ákveðinn rytma í skólastarfinu.

Tafla 5. Brottfall nemenda.

Skólaár/annir	Brottfallshlutfall
Skólaárið 2010-2011	
Haust	5%
Vor	5%
Skólaárið 2011-2012	
Haust	2%
Vor	1%
Skólaárið 2012-2013	
Haust	1%
Vor	8%
Skólaárið 2013-2014	
Haust	5,8%
Vor	8%

Frá því að skólinn tók til starfa hefur hann útskrifað 59 nemendur. Tafla 6 sýnir fjölda útskrifaðra eftir brautum.²

Tafla 6. Fjöldi útskrifaðra nemenda eftir brautum.

Braut	Fjöldi
Félagsvísindabraut	29
Íþróttabraut	9
Listabraut	5
Náttúruvísindabraut	12
Starfsbraut fyrir fatlaða	2
Viðbótarnám fyrir fatlaða	2

¹ Hagtiðindi: ágúst 2004.

² Upplýsingar frá skólameistara.

2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara

Árlegur kennslutími skólaárið 2013 - 2014 voru alls 155 kennsludagar, þar af 84 haustið 2013 og 71 vorið 2014. Námsmatsdagar voru 20. Almenn stefna um forfallakennslu er að nemendum er ekki veitt forfallakennsla vegna veikinda kennara nema um sé að ræða lengri forföll sem að sögn skólameistara hafa ekki komið upp ennþá. Á haustönn 2013 voru forföll kennara 70 klst, 2% af heildar kennslustundum annar.³ Samkvæmt stjórnendum var forfallakennsla í fjórar af þeim 70 klukkustundum sem kennarar voru fjarverandi. Ef kennari forfallast stunda nemendur áfram nám eftir fyrirætlum kennara sem þeir nálgast í kennslukerfi. Einnig nota margir kennarar vendikennslu (flipped classroom) þar sem nemendur geta horft á fyrirlestra og unnið verkefni í kjölfarið.

2.2. Mannauður

Við skólann starfa 17 kennarar í 12,62 stöðugildum en auk þess teljast tveir til yfirstjórnar skólans í 1,5 stöðugildum, skólameistari og aðstoðarskólameistari, báðar konur. Umsjónarmaður starfsbrautar sinnir einnig stjórnun en hann er karl. Starfsmenn eru alls 25 í 18,97 stöðugildum, þar af eru 44% karlar og 56% konur.

Í starfsmannastefnu skólans segir: *Forsenda góðs árangurs í skólastarfi er fjölhæft og traust starfsfólk. Starfsmenn Menntaskólans á Tröllaskaga vilja að í skólanum ríki andi jafnræðis þar sem hver starfsmaður nýtur sín og vex í starfi. Í skólanum séu greið samskipti þar sem hverjum starfsmanni finnst hann vera mikilvægur hluti af heildinni.* Þar er einnig greint frá markmiðum stefnunnar um ráðningar, móttöku og þjálfun nýliða, starfsþróun/símenntun, endurgjöf, laun og umbun, jafnrétti, upplýsingar og samskipti, starfsskilyrði, notkun vímuefna og starfslok.⁴

2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl

Skólinn nýtir staðlað eyðublað í starfsmannasamtölum sem að sögn skólameistara eru á hverju vormisseri, fyrst vorið 2012. Fyrir viðtalið eru starfsmanni afhentar leiðbeiningar/gátlisti til undirbúnings og hann hvattur til að ræða það sem honum dettur í hug og það sem geti komið að gagni. Framkvæmd samtalanna hefur að sögn skólameistara verið gagnleg og upplýsandi bæði fyrir starfsmenn og stjórnendur og unnið hafi verið úr þeim athugasemdum sem komið hafi fram í samtölum við starfsmenn.⁵ Starfsmenn, sem rætt var við, sögðust fara reglulega í starfsmannasamtöl og almennt væri tekið vel í hugmyndir þeirra og athugasemdir. Starfsmannaveltu skólans og ráðningar árin 2010 - 2014 má sjá í töflu 7 og

³ Gögn frá skóla.

⁴ Heimasíða MTR- starfsmannastefna.

⁵ Gögn frá skóla

í töflu 8 má sjá starfsaldur starfsfólks og kennara við skólann en heildarstarfsaldur kennara við kennslu er 11,13 ár. Að sögn skólameistara er sóst eftir að vinna við skólann og starfsmenn komi úr ólíku umhverfi. Hópurinn sé fjölbreyttur hvað varðar kyn, menntun og aldur en einnig hafi komið í ljós að ekki henti öllum kennurum að starfa eftir hugmyndafræði skólans.

Tafla 7. Yfirlit yfir starfsmannaveltu skólans árin 2010-2014.

Ár	Hætta v.aldurs	Segja upp	Hætta v.tímabundinnar ráðningar	Sagt upp	Nýráðnir	Tímabundnar ráðningar
2010	0	0	0		9	0
2011	0	1	0		6	5
2012	0	0	1		1	0
2013	0	0	3		6	6
2014	0	1	1		3	3

Tafla 8. Meðalstarfsaldur starfsfólks skólans.

Starfsmenn	Meðal starfsaldur	Starfsaldur flestra
Allir starfsmenn	2,18 ár	4 ár
Kennarar	2,33 ár	4 ár

2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur: 1) meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 2) öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 3) meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða 4) fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu og uppeldisfræði.⁶

Ekki hafa allir kennarar skólans full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Að sögn skólameistara er eitt stöðugildi mannað kennara úr tónlistarskólanum. Þrír starfsmenn, í samtals 0,75 stöðugildi, hafa ekki réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi. Grunnskólakennari og iðjuþjálfari starfa á starfsbraut og efnafræðikennari sækir sér nú réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi. Flestir aðrir kennarar eru menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna að undanskildum kennara í stærðfræði sem er menntaður í viðskiptafræði og efnaverkefni og kennara sem starfar í afleysingu við dönskukennslu en sá er Dani og spænskukennari. Til þess að uppfylla lagaskyldu um menntun kennara hefur

⁶ Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, 5. gr.

skólinn fengið kennara úr öðrum skólum og aðra sérfræðinga til að kenna um lengri eða skemmri tíma auk þess sem samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni, Fjarmentaskólinn.is (sjá nánar í kafla 3.2), hefur gert nemendum hans kleift að sækja nám, sér í lagi fjarnám, í öðrum skólum. Einnig hefur skólinn verið í samstarfi við Verzlunarskóla Íslands og nemendur sótt þangað fjarnám á sérviðum þess skóla og í efri áföngum.

Skólinn hefur ferli fyrir móttöku nýrra kennara. Þeir fá starfsmannahandbók þar sem helstu upplýsingar er að finna s.s. um opnunartíma húsnæðis, hlutverk stjórnenda, hvar sé hægt að nálgast upplýsingar, upplýsinga- og kennslukerfi skólans o.fl.⁷ Þá fá þeir sérstakan leiðsagnarkennara sem fundar með þeim vikulega. Kennarar, sem rætt var við, staðfestu að fyrirkomulagið hefði verið tekið upp árið 2012 og hefði nýst vel. Tafla 9 sýnir menntun kennara. Þar kemur fram að 11 kennarar eða 64,7% kennaranna hafa lokið meistaraþráðu.

Tafla 9. Menntun kennara haustið 2014.

Menntun	Fjöldi
Mínna en BA / BS / B.ed	0
BA / BS / B.ed auk kennsluréttinda	6
MA / M.sc / M. Ed	11
Doktorspróf	0

2.2.3. Sí- og endurmenntun

Í starfsmannastefnu skólans segir að litið sé á starfsþróun sem virkan þátt í starfi skólans og stefnt sé að eftirfarandi:⁸

- *Starfsmenn séu ánægðir og vaxi í starfi.*
- *Hlutverk starfsmanna séu skýr og þeir fái hvatningu í starfi.*
- *Tryggja að starfsmenn eigi kost á símenntun, bæði innan stofnunar og utan, til að auka þekkingu sína og faglega hæfni. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns sem yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er starfsins vegna.*

Skólinn hefur endurmenntunaráætlun. Þar kemur fram að sí- og endurmenntun kennara skiptist í vikulangt símenntunarnámskeið í skóla annað hvert ár, fagfundi kennara, starfsmannasamtal á hverju vori þar sem rædd er símenntun starfsmanns, ásamt námi, námskeiðum, ráðstefnum, fundum og skólaheimsóknum að frumkvæði kennara. Símenntun annarra starfsmanna er vikulangt símenntunarnámskeið sem haldið er fyrir alla starfsmenn skólans annað hvert ár, slík vika var síðast í ágúst 2014.⁹

⁷ Starfsmannahandbók MTR

⁸ Heimasíða MTR – starfsmannastefna.

⁹ Gögn frá skóla.

Kennarar, sem rætt var við, sögðu mikla hvatningu frá stjórnendum til að sækja sér endurmenntun og hafa frumkvæði að henni. Alltaf sé tekið vel í beiðnir og starfsmenn fái stuðning skólans, m.a. fjárhagslegan. Skipulag skólans auðveldi þeim að stunda endurmenntun þar sem kennari geti skipt tímabundið yfir í fjarkennslu. Landsbyggðarskólar sæki endurmenntun um lengri veg og með slíku fjarnámsfyrirkomulagi verði það auðveldara. Framboð hefur að mestu leyti verið nægjanlegt að sögn kennara. Í könnuninni *Stofnun ársins* 2013 segja 94% starfsmanna að þeir hafi góða aðstöðu til að þroskast í starfi.

2.2.4. Starfsánægja

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar *Stofnun ársins* 2014 var meðaltal þáttarins ánægja og stolt hjá MTR 4,83, sem er á svonefndu styrkleikabili, >4,2 á fimm punkta kvarða og hafði þá hækkað um 0,3 frá því árinu áður.¹⁰ Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna vorið 2014 kom fram að 94% segja að þeir séu mjög eða frekar sammála því að þeir séu á heildina litið ánægðir í starfi sínu, 95% að þeir hefðu þau tæki og/eða tækjabúnað sem þarf til að vinna starf sitt vel og 82% að þeir væru ánægðir með núverandi vinnuástöðu. 31% starfsmanna voru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að þeir finni helst fyrir álagi við yfirferð verkefna.¹¹ Í viðtölum og rýnihópum endurspegluðust þessi viðhorf.

2.3. Áherslur og stefna skólans

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli, þ.e. skóli með sveigjanlegt nám, vendikennslu, fjarkennslu og fleira, sem starfar eftir lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008. Áhersla er lögð á gefa nemendum aukið svigrúm í námsvali og metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni og sjálfstæði nemenda. Sérstada skólans er í fyrsta lagi rúmt frjálst val nemenda, í öðru lagi þurfa allir nemendur að taka þrjá inngangsáfangi; í félagsvísindum, náttúruvísindum og listum sem er að sögn yfirstjórnar nokkurs konar „hlaðborð“ og góð áhugakveikja, og í þriðja lagi er sérstakur áfangi um frumkvöðlafræði með sérstakri áherslu á nærsvæðið á Tröllaskaga. Unnið er út frá því að nemendur skólans ljúki námi í skólanum á samfelldum vinnudegi. Meðalnámstími til stúdentsprófs er þrjú ár (200 námseiningar). Einkunnarorð skólans eru frumkvæði, sköpun og áræði. Skólinn leggur áherslu á að bæði starfsmenn og nemendur hafi frumkvæði að því að efla skólann og skapa honum sess. Lögð er áhersla á listir og menningu í skólastarfinu og skapandi hugsun höfð að leiðarljósi í öllu námi, enda er áræðni að sögn yfirstjórnar nauðsynleg til að hafa þor til að feta nýjar slóðir.¹²

¹⁰ Stofnun ársins.

¹¹ Gögn frá skóla.

¹² Heimasiða MTR.

Skólameistari segir stórt tækifæri felast í því að byggja upp nýjan skóla frá grunni. Hugmyndafræði skólans mótist út frá nýjum lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá. Stjórnendur hafi lagt upp með menntunarfræðilega hugmynd um hvað mennti manninn mest og hvernig skóli komi til móts við hana. Starfsfólkið hafi síðan verið ráðið á grunni hugmyndafræðinnar og tekið þátt í að útfæra hana. Í nýrri aðalnámskrá séu fjölmörg tækifæri til útfæra hugmyndina og skapa skólanum um leið sérstöðu. Fulltrúar í skólanefnd segjast koma að ýmsum málum og stjórnendur taki ávallt vel í hugmyndir þeirra. Skólanefnd hefur mótað sér stefnu um hvernig unnið skuli að stefnumótun og vinna við lista- og menningarstefnu skólans er hafin. Nemendur hafa átt sinn þátt í skólaþróuninni með þátttöku í skólafundum og kennslukönnunum.

2.3.1. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum

Skólinn hefur stefnu og áætlun um viðbrögð við einelti og öðru ofbeldi. Stefnan og áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans, en þar segir:¹³

Starfsfólk og nemendur Menntaskólans á Tröllaskaga taka skýra afstöðu gegn einelti. Lögð er áhersla á að allir njóti virðingar í námi og starfi og fái að njóta sín. Traust, jafnræði, jákvæðni og uppbyggileg endurgjöf eiga að vera höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum.

Í viðbragðsáætlun er að finna viðbrögð við einelti og öðru ofbeldi annars vegar fyrir nemendur og hins vegar fyrir starfsmenn. Verði einstaklingur var við einelti eða annað ofbeldi gagnvart nemanda skal hann leita til náms- og starfsráðgjafa sem er jafnframt formaður eineltisteymis skólans. Hann kannar málið og metur viðbrögð í framhaldinu. Ef talið er að um einelti sé að ræða fer málið fyrir eineltisteymi skólans. Teymið skipa tveir starfsmenn skólans, náms- og starfsráðgjafi/áfangastjóri og fulltrúi kennara. Hlutverk teymisins er að vinna úr þeim málum sem því berast en það kalli aðra aðila til samráðs eftir þörfum. Ef grunur vaknar um einelti eða annað ofbeldi er það tilkynnt til yfirmanns og metur hann viðbrögð í framhaldinu en einnig er hægt að kalla til eineltisteymi skólans. Ennfremur er hlutverk starfsfólks og nemenda við forvarnir skilgreint í viðbragðsáætluninni. Sjá nánar um einelti í kafla 6.2.

2.3.2. Jafnréttisstefna

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.¹⁴

Í jafnréttisstefnu skólans segir að *allir, nemendur sem starfsmenn, njóti jafns réttar án tillits til aðgreinandi þátta. Þannig nýtist mannauður skólans best.* Skólinn hefur jafnréttisáætlun sbr. lög nr. 10/2008 og leggur áherslu á að *hver einstaklingur nýti hæfileika sína og krafta*

¹³ Heimasíða MTR.

¹⁴ Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, 13.gr.

sem best, óháð andlegu og líkamlegu atgerði, kynferði, kynhneigð, litarhætti, þjóðerni, trú, búsetu eða efnahag. Stefnt er að því að tryggja hverjum og einum viðfangsefni og menntun við hæfi. Þar koma fram markmið og leiðir skólans um ráðningar, starfsþróun og endurmenntun, starfsskilyrði, samræmingu fjölskyldu og vinnu/náms og starfsanda og líðan starfsmanna og nemenda. Skólameistari ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé framfylgt.¹⁵ Að hans sögn hófst undirbúningur stefnunnar hjá yfirstjórn sem lagði síðan drög fyrir starfsmenn. Hlutfall kynja í hópi starfsmanna er 44% karlar og 56% konur¹⁶ og hlutfall kynja í stjórnun er 33,3% karlar og 66,7% konur. Sjá kafla 6.4 um jafnrétti meðal nemenda. Almennt sögðu starfsmenn að jafnréttis væri gætt í skólanum meðal starfsfólks og að ekki væri munur á aðstöðu eða kjörum starfsmanna eftir kyni.

2.3.3. Forvarnar- og lýðheilsustefna

Skólinn hefur forvarnarstefnu en þar segir: *Við leggjum áherslu á heilbrigða lífshætti sem leiða til sjálfsvirðingar, sjálfstjórnar og jákvæðrar lífssýnar nemenda okkar.* Markmið stefnunnar er að *nemendur öðlist sjálfstraust og búi sig undir að taka ábyrgð á eigin lífi sem og að þeir hafi greiðan aðgang að ráðgjöf og séu meðvitaðir um skyldur sínar og réttindi.* Við skólann er forvarnarteymi og fer forvarnarfulltrúi fyrir starfi þess. Hlutverk þess er að skipuleggja forvarnarstarf við skólann. Í teyminu sitja, auk forvarnarfulltrúa, fulltrúi nemenda, fulltrúi kennara og náms- og starfsráðgjafi.¹⁷

Skólinn hefur stefnu í heilsumálum í tengslum við þátttöku hans í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*, sjá nánar í kafla 2.3.4. Stefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og starf í skólanum. Stefnan tekur til sex þátta; næringar, öryggis, hollustu, hreyfingar, geðræktar og heilbrigðs lífstíls. Fyrir hvern þátt er skilgreint markmið og leiðir að því markmiði.¹⁸

Í samburði milli framhaldsskóla í könnun *Rannsóknar og greiningar* árið 2013 kemur fram að hlutfall þeirra nemenda MTR sem reykja daglega 3%, en 7% á landsvísu. Hlutfall nemenda MTR sem höfðu orðið ölvaðir s.l. 30 daga er 38%, en landsmeðaltal 45%, 8% höfðu notað hass einu sinni eða oft um ævina (landsmeðaltal 6%), 13% þeirra höfðu notað marijúana en 20% á landsvísu. Stjórnendur segja að vímuefnaneysla hafi aukist á svæðinu og bregðast þurfi við því.

2.3.4. Heilsueflandi framhaldsskóli

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Þar er byggt á þeirri stefnu að nálgast forvarnir út frá jákvæðu og víðu samhengi og stuðla þannig að auknum árangri og

¹⁵ Heimasíða MTR.

¹⁶ Heimasíða MTR.

¹⁷ Heimasíða MTR.

¹⁸ Heilsueflandi framhaldsskóli.

meiri vellíðan í skólasamfélaginu.¹⁹ Lýðheilsustöð heldur utan um verkefnið sem margir framhaldsskólar á landinu taka þátt í, en verkefnið var þróað í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) undir formerkjum HOFF samstarfsins, þ.e heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum. Megináherslur verkefnisins eru fjórar; *næring, hreyfing, geðrækt* og *lífsstíll* en miðað er við að eitt viðfangsefni sé tekið fyrir á hverju skólaári. Hafi skólinn uppfyllt viðeigandi lágmarkskröfur öðlast hann bronsviðurkenningu en silfur og gullviðurkenning er í boði fyrir skóla sem uppfylla kröfur umfram lágmarkskröfur.²⁰

Umsjónarmaður stýrir verkefninu og virkjar að sögn skólameistara aðra með sér þegar ástæða er til og ræðir verkefnið á fagfundum kennara. Mikil hreyfing er samþætt skólalastarfinu. Skólinn stuðlar að heilnæmu fæði með því að útvega nemendum súpu og brauð úr bakarí í sveitarfélaginu en ekki er hægt að sinna þessum þætti sem skyldi að sögn skólameistara, þar sem ekkert mótuneyti er við skólann. Aðgengi að hollu fæði þurfi að vera betra. Áhugi er fyrir því að sinna geðrækt betur og hefur sálfræðingur verið ráðinn í því skyni og aðgerðaáætlun lögð fram.

2.3.5. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt

Menntaskólinn á Tröllaskaga er ríkisrekinn skóli en er að sögn stjórnenda í ágætu samstarfi við Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar er formaður skólanefndar og bæjarstjóri Fjallabyggðar er varafulltrúi í nefndinni.

Unnið er að nýrri skólastefnu og skólanámskrá Fjallabyggðar en stefna Grunnskóla Fjallabyggðar styðst við eftirfarandi þætti: 1. Starfsaðferðir *Uppeldis til ábyrgðar*. Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. 2. *Skóla á grænni grein* þ.e. að starfa í sátt við umhverfið. 3. Olweusaráætlunina gegn einelti. 4. Hreysti og heilbrigði²¹. Í skólastefnu Dalvíkurbyggðar segir: *Starf grunnskólans grundvallast á jafnrétti allra nemenda og því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skulu sköpuð námsskilyrði svo hann megi á eigin forsendum þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur og ekki síst lífsgladur einstaklingur; jákvæður, fær og fródur.*²²

2.4. Húsnæði og aðbúnaður

Skólinn er í 1198,3 fermetra húsnæði með 8 kennslustofum. Bókasafn er við skólann en þar er að finna helstu handbækur sem notaðar eru við kennslu og nokkurt safn skáldsagna. Handbækur er aðeins hægt að fá að láni innan skólans. Bækur safnsins eru skráðar í Gegni.

¹⁹ Heilsuefandi framhaldsskóli.

²⁰ Heilsuefandi framhaldsskóli.

²¹ Gögn frá skóla.

²² Gögn frá skóla.

Nemendum er einnig bent á bókasafn Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar vanti þau efni sem ekki er aðgengilegt á bókasafni skólans.²³ Skólinn leigir húsnæðið af Fjallabyggð og fram kemur í bréfi skólameistara til Fjallabyggðar í mars 2013 að viðhaldi sé ábótavant og skemmdir umtalsverðar.²⁴ Fram kom hjá flestum sem rætt var við í úttektinni að húsnæðið og aðstaðan væri að mestu fullnægjandi. Hins vegar væri húsnæðið nú þegar orðið of lítið, sérstaklega vantaði sal til funda, kynninga eða annarra viðburða sem einnig gæti nýst sem mötuneyti og kaffiaðstaða fyrir starfsfólk. Í apríl 2013 fóru skólameistari og formaður skólanefndar þess skriflega á leit við mennta- og menningarmálaráðuneytið að húsnæðisþörf skólans verði metin.²⁵

2.4.1. Eftirlit úttektaraðila

Vinnueftirlitið gerði úttekt á húsnæði og aðbúnaði skólans í mars 2014. Úttekt á húsnæðinu leiddi í ljós að það vantaði skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði og öryggisblöð á íslensku um notkun varasamra og hættulegra efna. Einnig kom fram að leiðbeiningar um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti skortir fyrir starfsmenn annarra fyrirtækja sem sinna verkum innan skólans og að rakaskemmdir sé að finna á þremur stöðum. Skólinn hefur að sögn skólameistara bætt úr ofangreindum atriðum og skilað upplýsingum þar um til Vinnueftirlitsins. Slökkvilið Fjallabyggðar tók út brunavarnir skólans í apríl 2011 þar sem gerðar voru eftirfarandi athugasemdir: Óheimilt að nota aðstöðu í kjallara undir smíðastofu eða til kennslu, lagnakjallari undir skólanum skal hafa EI-CS60 hurðir og lokað frá hæð skólans með EI60 lokun. Kjallarinn er ekki notaður fyrir kennslu og hurðir hafa verið endurbættar. Nýlega var skólinn yfirfarinn aftur en skýrsla hefur ekki borist. Farið var yfir hljóðvist í janúar 2013 og lagt til að vinnueftirlitið mældi hljóðvist sem var gert í apríl 2013. Fram kom að í mörgum tilfellum var ómtími í skólanum yfir viðmiðunarmörkum og gerðar hafa verið ráðstafanir til að draga úr honum.²⁶ Vinnueftirlitið kom aftur og mældi eftir úrbætur 2014 og þá höfðu markmið að mestu náðst en bæta þurfti hljóðvist á göngum skólans sem hefur verið gert. Iðjuþjálfari, sem vinnur við skólann, hefur m.a. það verkefni að fara yfir vinnuáætlaðar starfsmanna og koma með tillögur að úrbótum sem í öllum tilfellum hefur verið farið eftir.

2.4.2. Öryggisráð skólans

Við skólann er starfrækt öryggisráð. Það skipa tveir aðilar, starfsmaður sem valinn er á starfsmannafundi og skólameistari. Hlutverk ráðsins er að leiðbeina um hvernig hægt sé að

²³ Heimasíða MTR.

²⁴ Gögn frá skóla.

²⁵ Gögn frá skóla.

²⁶ Gögn frá skóla.

tryggja starfsmönnum skólans og nemendum starfsumhverfi sem stenst ítrustu kröfur um öryggi, hollustu og vinnuvernd. Starfsáætlun ráðsins liggur fyrir.²⁷

2.5. Lög og reglugerðir

Skólinn hefur starfað frá árinu 2010 og hefur frá upphafi starfað eftir lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008 og nýjum reglugerðum.

2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins

Skólinn var stofnaður eftir efnahagshrun. Samkvæmt skólameistara hafa hagræðingaraðgerðir í kjölfar hrunsins ekki haft sérstök áhrif, enda skólastarfið verið mótað frá upphafi með þetta í huga.

2.7. Námsbrautir

Við skólann eru 5 námsbrautir auk fjarnáms. Hér á eftir verður fjallað nánar um hverja og eina braut eins og hún kemur fyrir á heimasíðu skólans.²⁸

2.7.1. Félags- og hugvísindabraut

Á félags- og hugvísindabraut er lögð áhersla á grunngreinar og sérgreinar í félags- og hugvísindum. Brautin er 200 einingar, þar af 160 einingar í kjarna, brautarkjarna og bundnu vali og 40 einingar í frjálsum vali. Meðalnámstími er 6-7 annir. Námsbrautinni lýkur með stúdentsprófi og skilar nemendum með hæfni á 3. þrepi sbr. aðalnámskrá. Hæfnimarkmið brautarinnar eru m.a. góð almenn þekking á sviði félags- og hugvísindagreina, að geta beitt fræðilegri hugsun og aðferðum við greiningu viðfangsefna, öflun upplýsinga, mat, úrvinnslu og túlkun og að vera undirbúningur fyrir frekara nám, einkum í félags- og hugvísindum á háskólastigi o.fl.

2.7.2. Íþrótt- og útivistarbraut

Íþrótt- og útivistarbraut skiptist í íþróttasvið og útivistarsvið. Íþróttasvið er ætlað fyrir nemendur sem æfa íþróttir til keppni en útivistarsvið fyrir þá sem hafa áhuga á útivist og starfi björgunarsveita. Brautin er 200 einingar, þar af 160 einingar í kjarna, brautarkjarna og bundnu vali og 40 einingar í frjálsum vali. Meðalnámstími er 6-7 annir. Námsbrautinni lýkur með stúdentsprófi og skilar nemendum með hæfni á 3. þrepi. Hæfnimarkmið brautarinnar eru m.a. að nemendur geti tekið ábyrgð á þjálfun og leiðbeint öðrum, geti séð um viðburði sem tengjast íþrótt- og útivistarstarfi og séu vel undirbúnir fyrir frekara nám, einkum á sviði kennslu íþróttufræða og útivistar á háskólastigi o.fl.

²⁷ Gögn frá skólameistara.

²⁸ Heimasíða MTR.

2.7.3. Listabraut

Á listabraut er áhersla á grunngreinar og sérgreinar í listum. Brautin skiptist í þrjú svið, myndlist, listljósmyndun og tónlist. Brautin er 200 einingar, þar af 160 einingar í kjarna, brautarkjarna og bundnu vali og 40 einingar í frjálsu vali. Meðalnámstími er 6-7 annir. Námsbrautinni lýkur með stúdentsprófi og skilar nemendum með hæfni á 3. þrepi. Hæfnimarkmið brautarinnar eru m.a. að nemendur geti hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu, leikni, aðferðir og verkunnáttu sem þeir hafa aflað sér, notað í myndunarafl, innsæi og tilfinningu við sköpun/flutning verka, séu vel undirbúnir fyrir frekara nám í ólíkum listgreinum á næsta skólastigi o.fl.

2.7.4. Náttúrufræðibraut

Á náttúrufræðibraut er áhersla á grunngreinar og sérgreinar í stærðfræði og raungreinum. Brautin er 200 einingar, þar af 160 einingar í kjarna, brautarkjarna og bundnu vali og 40 einingar í frjálsu vali. Meðalnámstími er 6-7 annir. Námsbrautinni lýkur með stúdentsprófi og skilar nemendum með hæfni á 3. þrepi. Hæfnimarkmið brautarinnar eru m.a. góð almenn þekking á sviði stærðfræði, náttúru- og raunvísinda, að nemendur séu færir um vísindalega hugsun og aðferðir við greiningu viðfangsefna, öflun upplýsinga, mælingar, mat, úrvinnslu og túlkun og séu vel undirbúnir fyrir frekara nám, einkum í tæknigreinum, náttúru- og raunvísindum og heilbrigðisgreinum á háskólastigi.

2.7.5. Starfsbraut

Nám á starfsbraut er einkum ætluð nemendum sem hafa lokið grunnskóla með sérsniðnu námsefni. Nám brautarinnar er einstaklingsmiðað og sveigjanlegt. Áhersla er á að auka félagsleg samskipti nemenda og búa þá undir áframhaldandi nám við hæfi og/eða þátttöku á vinnumarkaði. Hæfnimarkmið brautarinnar eru m.a. að nemendur fái einstaklingsmiðuð námstækifæri, auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna, fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði, auki möguleika sína á áframhaldandi námi við hæfi o.fl.

2.7.6. Fjarnám

Skólinn býður nemendum upp á fjarnám, en þeir nemendur eru í almennum námshópum. Þeir eru því líkt og nemendur í dagskóla nema þeir hafa ekki mætingaskyldu. Nemendur eru ekki teknir inn í fjarnám nema pláss sé í áfanga en nemendur sem þegar eru skráðir í skólann hafa forgang. Notast er við kennslukerfið Moodle.

2.8. Mat úttektaraðila

- Menntaskólinn á Tröllaskaga er yngsti framhaldsskóli landsins með þá sérstöðu að mótast út frá nýjum lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá, er lítill dreifnámsskóli með fjölbreytt námsval. Frá upphafi hefur meðalnámstími til stúdentsprófs verið þrjú ár.
- Nemendum er veitt aukið svigrúm í námsvali með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni og sjálfstæði nemenda. Unnið er út frá því að nemendur skólans ljúki námi í skólanum á samfelldum vinnudegi. Kannanir meðal nemenda og viðhorf þeirra í rýnihópum gefa til kynna mikla ánægju þeirra með skólann og námið.
- Brottfall nemenda hefur verið lítið eða á bilinu 1 - 8%. Að mati úttektaraðila liggja nokkrar ástæður að baki því hversu lítið brottfall er í skólanum: 1. Skipulag námsins, þ.e. vikulotur og skil á verkefnum undantekningalaust á ákveðnum tíma sem skapar ákveðinn rytma í skólastarfinu. 2. Aðgerðir skólans vegna mætinga. 3. Sérhver nemandi fær umsögn kennara á þriggja vikna fresti ásamt miðannarmati. 4. Umsjónarkennarar halda utan um nemendur og nú er stefnt að því að nemendur hafi sama umsjónarkennara allan námstímann. Til samanburðar skoðaði Hagstofa Íslands brottfall úr framhaldsskólum 2002 – 2003 og var það þá 19,3% miðað við öll kennsluform. Í úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2011 kom fram að brottfall þar var árin 2008 – 2011 á bilinu 3,6% - 5,3%, í úttekt á Verkmenntaskólanum á Akureyri sama ár kom fram að brottfall á sama tímabili var 8,7% - 10,3%. Í úttekt á Verzlunarskóla Íslands árið 2014 kom fram að brottfall þar er rétt um 1%.²⁹ Ólíkar skilgreiningar eru til á brottfalli og ætla má að þeir nemendur sem fara frá einum skóla í annan séu taldir til brottfallsnemenda í sumum tilvikum. Þar sem MTR hefur mikla sérstöðu og hafnar engum umsækjanda er mikilvægt að skilgreina vel forsendur við útreikninga brottfalls.
- Tæplega 65% kennara við skólann eru með meistaragráðu og hefur skólanum gengið vel að laða til sín menntað fólk. Ekki eru allir kennarar skólans menntaðir á sínu fagsviði né hafa þeir allir full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Sú sérstaða skólans að hafa þrátt fyrir smæð sína fjölbreytt námsval, gerir það að verkum að í sumum tilfellum kenna kennarar fleiri greinar en þeir eru menntaðir í. Skólinn reynir hins vegar með samstarfi við aðra skóla, t.d. Fjarmenntaskólann.is, að fá aðra kennara, erlenda sem innlenda, tímabundið til kennslu og uppfylla þannig faglegar kröfur til kennara í framhaldsskóla
- Skólinn hefur skriflegt ferli fyrir móttöku nýrra kennara sem auk þess fá leiðsagnarkennara.
- Formleg sí- og/eða endurmenntunarstefna/-áætlun er til staðar. Þar er lögð áhersla á fjölbreytni og að allir starfsmenn sækji vikulangt símenntunarnámskeið í skólanum

²⁹ Úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð, Úttekt á Verkmenntaskólanum á Akureyri, Úttekt á Verzlunarskóla Íslands.

annað hvert ár. Framboð á endurmenntun kennara virðist nægjanlegt, stuðningur stjórnenda mikill og skipulag námsins, þ.e. að kennari geti skipt tímabundið yfir í fjarkennslu, eykur verulega svigrúm kennara til að sækja sér endurmenntun. Starfsmenn eru hvattir til að nýta enn frekar sjóði stéttarfélaga til sí- og endurmenntunar.

- Skólameistari hefur átt formleg, regluleg starfsmannasamtöl við alla starfsmenn síðan vorið 2012. Framkvæmdin hefur gengið vel og starfsmenn verið ánægðir með samtölin.
- Skólinn hefur eineltisstefnu og viðbragðsáætlun, sjá nánar í kafla 6.2.
- Skólinn er með forvarnar- og lýðheilsustefnu og tekur þátt í verkefnum *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Töluvert færri nemendur skólans reykja og neyta áfengis og marijuana en í öðrum framhaldsskólum, en fleiri höfðu notað hass einu sinni eða oft um ævina. Stjórnendur staðfestu aukna vímuefnanotkun og sögðu að breiddast þyrfti við því.
- Starfsmenn eru 25 í 18,97 stöðugildum. Starfsmannavelta er lítil og meðalstarfsaldur allra starfsmanna við skólann er 2,18 ár. Kennarar hafa að meðaltali um 11 ára reynslu af kennslu. Starfsánægja mældist vorið 2014 4,83, þ.e. á styrkleikabili (3,70-4,19). Starfsánægjan í MTR er með því hæsta sem úttektaraðilar hafa séð bæði hjá opinberum stofnunum og í einkageiranum. Þessi viðhorf endurspegluðust á fundum og í rýnihópum og í viðhorfskönnun skólans sjálfs.
- Skólinn hefur jafnréttisstefnu og -áætlun. Kynjahlutfall starfsmanna er nokkuð jafnt þ.e. 56% konur og 44% karlar. Í yfirstjórn skólans er jafnt hlutfall kynja, en í allri stjórnun skólans er hlutfall kynja 33,3% karlar og 66,7% konur sem kemst næst því að endurspegla hlutfall karla og kvenna við skólann miðað við fjölda stjórnenda (sjá nánar í kafla 4.4.)
- Húsnæði og aðbúnaður skólans uppfyllir að nokkru þarfir hans, svo og bókasafnið. Húsnæðið er nú þegar orðið of lítið, sérstaklega vantar sal til funda, kynninga og annarra viðburða sem einnig gæti nýst sem mötuneyti. Þá vantar kaffiádstöðu fyrir starfsfólk. Í apríl 2013 fóru skólameistari og formaður skólanefndar þess skriflega á leit við mennta- og menningarmálaráðuneytið að húsnæðisþörf skólans verði metin. Beðið er eftir svari ráðuneytisins.
- Skólinn hefur öryggisráð sem hefur sett sér starfsáætlun einnig er forvarnar- og áfallaráð er við skólann. Reglulegt eftirlit slökkviliðs fór fram 2011, farið var yfir hljóðvist 2013 og Vinnueftirlitið gerði úttekt á húsnæði og búnaði í mars 2014. Gerðar voru nokkrar athugasemdir sem hefur verið brugðist við og markmiðum hefur að mestu verið náð. Eftirlit slökkviliðs fór aftur fram nú nýlega en skýrsla hefur ekki borist.

Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga 2014

- Skólinn var stofnaður árið 2010, eftir efnahagshrun. Skólastarfið var mótað með hagræðingaraðgerðir í kjölfar hrunsins í huga og því hafa þær ekki haft sérstök áhrif á það.
- Í skólanum eru fimm námsbrautir auk fjarnáms. U.þ.b. 60 áfangar eru í boði í dagskóla og fjarnámi.

3. SKÓLANÁMSKRÁ

Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kys að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stöð í þeim. Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.³⁰

Eins og fram kemur í kafla 2.3 hefur hugmyndafræði skólans frá upphafi mótast út frá nýjum lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá. Fyrstu drög að skólanámskrá unnu skólameistari og aðstoðarskólameistari en síðar komu allir starfsmenn að gerð hennar. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans. Hún er kynnt reglulega í skólanefnd.

Í skólanámskrá er að finna upplýsingar um áætlanir og stefnur, skipurit, nefndir og ráð, skólareglur, skóladagatal, námsbrautir, mat á námi nemenda úr öðrum skólum, áfangalýsingar og upplýsingar um stöðþjónustu.³¹

3.1. Endurskoðun skólanámskrár

Námskrá skólans byggir á á lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011.³² Námskráin er að sögn stjórnenda og starfsmanna í stöðugri endurskoðun. Kennarar, stjórnendur, skólanefnd og nemendur hafa komið að endurskoðuninni en stjórnendur segja að virkja mætti nemendur enn frekar í vinnunni. Kennarar sögðust hafa mikið frelsi og áhrif við útfærslu námskrár.

3.1.1. Grunnþættir menntunar

Í skólanámskrá segir að í skólanum og á öllum námsbrautum sé unnið með grunnþætti menntunar á eftirfarandi hátt:³³

Heilbrigði og velferð

- með því að skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli
- með því að styðja nemendur til að stunda hreyfingu með fjölbreyttu úrvali af íþróttaráföngum
- með því að fylgja settri forvarnarstefnu og hvetja nemendur til að taka heilbrigðar ákvarðanir í lífinu

³⁰ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 22.gr.

³¹ Heimasíða MTR.

³² Ársskýrsla MTR 2013.

³³ Heimasíða MTR.

Jafnrétti

- með því að bjóða nemendum upp á nám við hæfi hvers og eins
- með því að hvetja nemendur til að fagna fjölbreytileikanum í þjóðfélaginu
- með því að bjóða upp á áfanga þar sem fatlaðir og ófatlaðir nemendur vinna saman

Lýðræði og mannréttindi

- með aðkomu nemenda að ákvörðunum varðandi skólastarfið
- með því að þjálfa nemendur í lýðræðislegu gildismati
- með því að hvetja nemendur til að hafa skoðanir á skólanum og náminu og taka tillit til þeirra við ákvarðanatöku

Læsi

- með því að þjálfa nemendur í að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir bæði munnlega og skriflega
- með því að efla tengsl náms við samfélagið og efla menningarläsi nemenda
- með umfjöllun um mismunandi samfélög og menningarhópa
- með því að þjálfa nemendur í því að nýta sér margvíslega tækni í þekkingarleit
- með því að þjálfa nemendur í að afla sér gagna, flokka og nýta sér upplýsingar á gagnrýninn hátt

Sjálfbærni

- með því að gera nemendur meðvitaða um umhverfi sitt, kenna þeim að njóta þess og virða og nýta á skynsamlegan hátt
- með þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum
- með því að vekja athygli nemenda á samfélagi sínu og möguleikunum sem þar felast

Sköpun

- með því að í kjarna allra brauta er listaáfangi, Inngangur að listum
- með því að leggja áherslu á skapandi verkefnavinnu nemenda
- með því að gefa nemendum tækifæri til að velja sér fjölbreytta valáfanga

Stjórnendur, kennarar og nemendur staðfestu í úttektinni að skólastarfið byggði m.a. á grunnþáttunum. Nánari umfjöllun um grunnþættina er eftirfarandi: lýðræði og mannréttindi (sjá kafla 5.3), læsi og sköpun (sjá kafla 5), sjálfbærni (sjá kafla 5.4), jafnrétti (sjá kafla 2.3.2 og 6.4) og heilbrigði og velferð (sjá kafla 6.1).

3.2. Tengsl skólastiga

Fyrsta hæfniprep framhaldsskólans skarast á við unglíngastig grunnskólans á þann hátt að lýsing á fyrsta hæfniprepi framhaldsskólans er jafnframt lýsing á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok grunnskóla.³⁴

34 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:48.

Að sögn stjórnenda og kennara er skólinn í formlegu samstarfi við grunnskóla Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar og leitast skólarnir m.a. við að búa nemendur undir að geta hafið nám í framhaldsskóla á 2. hæfniprepi skv. aðalnámskrá. Árið 2013 var haldin ráðstefna á Dalvík um samfellu skólastiga og í kjölfarið bauð MTR til fundar með skólastjórum grunnskóla á svæðinu. Þar var m.a. rætt um að nemendur grunnskólans gætu tekið áfanga í framhaldsskólum, grunnskólinn gæti stutt seinfæra nemendur í framhaldsskóla og að grunnskólinn hefði etv. starfsmenn með sérhæfingu sem gætu nýst framhaldsskólanum.

Skólinn er aðili að *Fjarmenntaskólanum* sem er samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið Fjarmenntaskólans er m.a. *að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu*. Með samstarfinu geta nemendur skólans t.d. stundað nám í áföngum sem skólinn sjálfur getur ekki boðið. Að sögn stjórnenda er samstarf sem þetta gríðarlega mikilvægt fyrir lítinn skóla eins og þeirra og eflí menntun í landinu. Það sé farsælla en samruni skóla. Skólinn á einnig í samstarfi við framhaldsskóla á svæðinu. Á núverandi skólaári sinnir t.d. kennari úr MA jarðfræðikennslu.

Fjórða þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun³⁵.

Samstarf við háskólana segir skólameistari enn mikilvægara en fyrr vegna nýrrar aðalnámskrár þar sem miða á nám í framhaldsskóla við inngangsviðmið þess náms sem nemandinn hyggst stunda á háskólastigi. Framhaldsskólarnir þurfi að vita hvers háskólinn væntir af þeim. Gott samstarf hafi verið við Háskólann á Akureyri en þar sé verið að skoða samfellu milli skólastiga. Lektor á menntavísindasviði Háskóla Íslands hefur unnið rannsóknir á Menntaskólanum á Tröllaskaga og rannsakar nú hvernig stefna skólans mótaðist.

3.3. Námsmat

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Matið byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati er liggur að baki lokaeinkunn í námsáfanga innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar.³⁶

Í skólanámskrá kemur fram að námsmat skólans byggir á leiðsagnarmati og símati án lokaprófa. Það felur m.a. í sér stöðupróf, vikuleg verkefnaskil, kennaraeinkunn, þátttöku nemenda, lestur bóka, kynningar, ritgerðir, verklegar æfingar, mætingu, virkni, viðhorf, færni, áhuga, sköpun, hópverkefni o.fl. Nánast aldrei er gefinn frestur á vikulegum

³⁵ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:49.

³⁶ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla 30.gr.

verkefnaskilum. Einu undantekningarnar eru mjög alvarleg veikindi nemanda eða fráfall náins ættingja. Skólameistari einn hefur heimild til að semja um skil utan skilátíma samkvæmt samþykkt kennarafundar.³⁷ Mat á verkefnum skilar sér inn í kennslukerfi skólans þar sem nemendur geta fylgst með því. Þá fær sérhver nemandi umsögn kennara á þriggja vikna fresti. Eftir miðannarmat og í lok hverrar annar eru kynntar niðurstöður úr námsmati á kennarafundi. Stjórnendur segja að verið sé að móta stefnu um að nemandi hafi sama umsýjónarkennara kennara í öllu náminu svo enn betur sé hægt að fylgjast með árangri hans og líðan.

Að sögn stjórnenda, kennara, nemenda og foreldra hefur fyrirkomulag námsmats og vikuskila gefist afar vel og veitt nemendum nauðsynlegt aðhald og samræmi og hugsanlega dregið úr brottfalli. Nemendur geta fengið viðurkennt nám úr öðrum framhaldsskólum metið til eininga. Þá er gömlum námseiningum varpað í nýjar en almenna reglan er að 5 nýjar einingar nálgast 3 gamlar einingar. Brýnt er fyrir nemendum, sem stefna á frekara nám á háskólastigi, að fullvissa sig um að nám þeirra sé fullnægjandi undirbúningur.³⁸ Fyrir hvert námssvið eru skilgreindir þekkingar- og hæfnisþættir.

3.3.1. Árangur og einkunnir

Skólinn hefur ekki sett sér viðmið um árangur utan lágmarkseinkunnar sem er 5. Í einstaka áföngum þarf 5 í miðannarmati til að geta haldið áfram í áfanganum. Fylgst er með dreifingu einkunna og meðaleinkunn úr áföngum á hverri önn. Meðaleinkunn í 42 áföngum á sjö brautum á vorönn 2014 var 6,57.³⁹ Í töflu 10 má sjá meðaleinkunnir nemenda MTR á stúdentsprófi til ársins 2014. Skólameistari segir að í undirbúningi sé að kanna afdrif útskrifaðra nemenda hans í námi og starfi.

Tafla 10. Vegin meðaleinkunn nemenda MTR á stúdentsprófi.

Námsbraut	Útskriftarár			
	2010-2011	2011-2012	2012-2013	2013-2014
Félags- og hugvísindabraut	7,19	7,56	6,97	6,8
Íþrótt og útivistarbraut	*	**	7,10	6,7
Listabraut	**	*	7,14	7,7
Náttúrufræðibraut	**	8,06	7,47	7,7
Starfsbraut	**	**	**	7,9
Allar brautir	7,30	7,64	7,09	7,2

*Of fáir einstaklingar á bak við einkunn ** Enginn útskrifaður af námsbraut

³⁷ Gögn frá skóla.

³⁸ Heimasíða MTR.

³⁹ Sjálfsmatsskýrsla 2013 – 2014.

3.4. Mat úttektaraðila

- Sérstaða skólans gagnvart mörgum öðrum framhaldsskólum er að hann hefur frá stofnun unnið eftir nýjum lögum og námskrá. Reglulega eru skólanámskrá og starfshættir í endurskoðun. Margir hafa komið að endurskoðuninni sbr. lög um framhaldsskóla og aðalnámskrá. Að mati úttektaraðila mætti þó virkja nemendur enn frekar við útfærslu kennslunnar svo og leita enn frekar til áhugasamra foreldra um ýmsa þætti skólastarfsins.
- Gerð er grein fyrir grunnþáttum menntunar í áfangalýsingum.
- Samstarf skólans við grunnskóla sveitarfélagsins og svæðisins virðist með ágætum og ýmsar hugmyndir um að auka það enn frekar.
- Samstarf skólans við aðra framhaldsskóla er mikið, sér í lagi við Fjarmenntaskólann.is. Slíkt samstarf eykur möguleika fámennra skóla umtalsvert á að uppfylla aðalnámskrá.
- Samstarf við háskóla mætti auka en þetta samstarf verður æ mikilvægara að teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá. Þá er eftirsóknarvert fyrir skólann að kanna afdrif nemenda sinna í framhaldsnámi enn frekar eins og til stendur.
- Námsmat skólans er fjölbreytt, s.s. verkefni og próf, samræmt og stefna skýr. Mikið ánægja með vikuleg verkefnaskil kom fram í úttektinni, en þau skapa nemendum festu og ákveðinn rytma sem virðist m.a. draga úr brottfalli og auka ábyrgð og sjálfstæði þeirra. Almenn sátt virðist ríkja um námsmatið og í skólanámskrá og í áfangalýsingum og kennsluáætlunum eru skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá og gerð þar grein fyrir námsmati.

4. STJÓRNUN OG REKSTUR

Rekstur skólans er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari og aðstoðarskólameistari/áfangastjóri.⁴⁰ Skólameistari er yfirmaður allra starfsmanna skólans og er ábyrgur fyrir innra starfi hans.⁴¹ Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara. Núverandi skólameistari hefur stjórnað skólanum frá stofnun hans árið 2010. Aðstoðarskólameistari hefur starfað sem slíkur frá sama ári. Aðstoðarskólameistari sinnir einnig stöðu áfangastjóra í hálfu stöðugildi og starfi náms- og starfsráðgjafa (sjá kafla 6.5). Auk þeirra starfar við stjórnun umsjónarmaður starfsbrautar. Í yfirstjórn skólans eru einungis konur en í allri stjórnun er hlutfall kynja í stjórnun 33,3% karlar og 66,7% konur. Yfirstjórn skólans fundar vikulega. Skólameistari og aðstoðarskólameistari segjast vinna vel saman og bæti hvor aðra upp enda hafi þær ólíka styrkleika eins og fram hafi komið í stjórnendaprófum við ráðningar.

Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* gefa innsýn í viðhorf starfsmanna til stjórnunar skólans. Árið 2014 mældist þátturinn trúverðugleiki stjórnenda að meðaltali 4,78 og 4,55 árið 2013 sem er á styrkleikabili (>4,2 af 5,0). Meðaltal allra stofnana var 3,86 árið 2014 og 3,83 árið 2013. Skólameistari segir stjórnunarstíl skólans einkennast af „miklu samstarfi við alla. Hafa fólkið með.”

Hluti af innra mati skólans var að kanna viðhorf starfsmanna til stjórnenda og stjórnunarháttanna. Í samantekt af fundi með öllum starfsmönnum kom fram að bæta þurfi upplýsingaflæði, gera skriflega móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk, verkaskipting mætti vera skýrari milli stjórnenda o.fl.⁴² Að sögn yfirstjórnar var brugðist við athugasemdum starfsmanna og úr málum leyst með samræðu í sátt. Í rýnihópum starfsmanna og kennara kom fram að stjórnunin væri lýðræðisleg og mikil sátt um stjórnun skólans. Sjaldnast væri tekin ákvörðun án þess að hún væri borin undir starfsmenn. Væru starfsmenn ekki ánægðir með ákvarðanir ræddu þeir við stjórnendur sem létu þá jafnvel breyta þeim. Mikið frelsi væri til að hafa áhrif. Nemendur í rýnihópi sögðust sammála um að góður aðgangur væri að stjórnendum og hlustað væri á þau.

Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar ársskýrslur skólans frá árinu 2011 til ársins 2013. Í skýrslu fyrir árið 2013 er gerð grein fyrir nokkrum meginþáttum í starfi skólans á starfsárinu. Þar kemur m.a. fram að rekstur skólans hafi á árinu 2013 verið hallalaus.⁴³

40 Heimasíða MTR.

41 Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007.

42 Gögn frá skóla.

43 Heimasíða MTR.

4.1. Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu hans og er þar greint frá ábyrgðaskiptingu myndrænt í yfirstjórn, kennslusvið (kennarar og umsjónarmaður starfsbrautar) og þjónustusvið (námsráðgjöf, bókasafn, skrifstofa, húsvörður, tölvukerfi, tækjavarsla). Ítarlegri ábyrgðaskipting er tilgreind í starfslýsingum. Í rýnihópum kom fram að ábyrgð stjórnenda og verkaskipting þeirra væri yfirleitt skýr. Skólameistari segir verkefni skólameistara og aðstoðarskólameistara mikil og mætti auka starfshlutfall aðstoðarskólameistara, en ekki sé þörf á fleiri millistjórnendum. Á heimasíðu er að finna verkferla og reglur m.a. um umgengni, skólasókn og ástundun, verkefnaskil, námsframvindu, tölvureglur, reglur um vímuefni, viðbragðsáætlun vegna eineltis, áfalla og slysa. Kennarar sögðu að hópurinn hefði verið duglegur við að setja saman verkferla.

4.1.1. Skólaráð

Skólaráð er við skólann og var það skipað árið 2014. Ráðið hafði ekki fundað þegar úttekt fór fram í skólanum í september. Skólameistari segir að mikil vinna hafi farið í að móta nýjan skóla og unnið hafi verið markvisst að því að byggja upp áætlanir, stefnur, námið o.fl. Það hafi þó komið fram við nýlega yfirferð á því hvað skólinn uppfyllti m.t.t. reglugerða að stofna þyrfti skólaráð.⁴⁴ Ráðið skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, tveir fulltrúar kennara sem hafa verið valdir af kennurum og tveir fulltrúar nemenda. Hlutverk skólaráðs er að vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans, fjalla um starfsáætlun og framkvæmd hennar, skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda, veita umsögn um erindi frá skólanefnd, almennum kennarafundi, nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og menntamálaráðuneytinu sé þess óskað og fjalla um mál sem varða einstaka nemendur og er farið með þau sem trúnaðarmál.⁴⁵

4.1.2. Skólanefnd

Skólanefnd er við skólann, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa fimm fulltrúar. Þrír þeirra eru tilnefndir af ráðuneytinu og tveir af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Varamenn skólanefndar eru valdir með sama hætti. Einnig sitja þrír fulltrúar í nefndinni sem áheyrnarfulltrúar til eins árs í senn; fulltrúi kennara tilnefndur af kennurum, fulltrúi foreldra tilnefndur af foreldraráði og fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendafélagi skólans. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn og stýrir skólameistari kjöri hans á fyrsta fundi hvers árs.⁴⁶ Núverandi skólanefnd var skipuð í júní 2013 en nokkrir fulltrúar hafa setið í nefndinni frá stofnun skólans.

⁴⁴ Gögn frá skóla.

⁴⁵ Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997: 2.gr.

⁴⁶ Reglugerð um skólanefndir framhaldsskóla nr. 132/1997.

Hlutverk skólanefndar er að marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum við atvinnu-, félags- og menningarlíf, vera skólameistara til samráðs um námsframboð, staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar, veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar, vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr. Einnig er hlutverk skólanefndar að vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir, um starfsmannamál og að veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.⁴⁷ Fundargerðir skólanefndar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Samkvæmt þeim hefur nefndin almennt komið saman fimm sinnum á skólaári. Hún hefur á fundum sínum m.a. fjallað um áherslur í skólastarfinu, ársskýrslu, starfs- og fjárhagsáætlun, sjálfsmatsskýrslu, gjaldtöku, starfsmannamál, samninga skólans, skólanámskrá, samgöngumál, samstarf o.fl.⁴⁸

Yfirstjórn segir samstarf við skólanefnd mjög gott og að nefndin sé virkur samráðsaðili skólameistara. Á fundi með fullskipaðri skólanefnd kom fram að nefndin hafi haft tækifæri til að koma að fjölmörgum málum í skólastarfinu og mjög gott samstarf sé við stjórnendur. Skólinn hafi á að skipa sterkum og vel menntuðum starfsmannahópi og metnaðarfullum stjórnendum. Nefndin styðji við ákvarðanir stjórnenda sem undirbúi öll gögn vel í hendur hennar. Þetta auðveldar að sögn nefndarinnar ákvarðanatöku, samstarf og gagnrýni. Fram kom mikil ánægja með sjálfsmatsskýrslu skólans. Að sögn nefndarmanna taka stjórnendur vel í hugmyndir nefndarinnar og spyrja gagnrýnið sem sé jákvætt. Nefndin hefur lagt áherslu á að skólinn myndi sér sérstöðu. Fundaráætlun nefndarinnar liggur fyrir og mun m.a. verða fjallað um skólanámskrá, samninga og gjöld á næstu fundum.

Nefndarmenn sögðust vilja koma því á framfæri við mennta- og menningarmálaráðuneytið hversu dýrmætur skólinn væri í samfélaginu. Skólinn væri ekki eingöngu skóli Fjallabyggðar heldur stærra samfélags, styrkti sjálfsmynd þess og hækkaði menntunarstig. Þá hefði skólinn mikla sérstöðu meðal framhaldsskóla. „Hér er margt mjög byltingarkennt og brottfall er undir 6%.” Allt annað væri fyrir nemendur að geta búið heima og stundað nám í framhaldsskóla sem væri jafnframt fjárhagslega hagkvæmt fyrir forráðamenn. Um 50% fjölbreytts nemendahóps sem lýkur grunnskóla, sé áfram í heimabyggð og þeim fari fjölgandi. Hægt sé að fylgja einstaklingum betur eftir um leið og samfélagið nýtur þessara einstaklinga. Í skólann sækja bæði sterkir nemendur en einnig þeir sem eiga erfitt með að fóta sig í stærri skólum. Þá fer samstarf við atvinnulífið stöðugt

⁴⁷ Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

⁴⁸ Heimasíða MTR.

vaxandi að sögn nefndarinnar. Fram kom að skoða þyrfti hvernig nemendur standa sig í háskóla en ítrekað var að meginmarkmið skólans væri að „koma nemendum til mennta.“

4.2. Ákvarðanataka

Starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa formlega aðkomu að stjórnun skólans í gegnum skólanefnd. Þá er skólaráð nýtekið til starfa. Fram kom í rýnihópum að almennt væri góður aðgangur að stjórnendum. Yfirleitt væri tekið vel í tillögur og ábendingar og almennt hlustað á röksemdir. Í rýnihópi kennara kom fram það viðhorf að ákvarðanataka væri skilvirk, jafnvel stundum „of hröð“. Nemendur sem rætt var við sögðu að þeir gætu haft áhrif á það sem kennt væri og að hlustað væri á hugmyndir þeirra en aðkoma þeirra að formlegri ákvarðanatöku mætti vera meiri. Fram kom hjá foreldrum sem rætt var við að aðkoma þeirra að ákvörðunum í skólanum ætti að vera meiri, en erfitt væri að virkja foreldra.

4.3. Nemendafélag

Við skólann er nemendafélagið *Trölli*. Nemendafélag framhaldsskóla skal m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.⁴⁹ Fulltrúar félagsins eru valdir með kosningu en stjórn þess skipa forseti, varaforseti og formenn tölvu-, matar-, manga- (japönsk teiknimyndahefð) og viðburða og skemmtiklúbbs.⁵⁰ Starf félagsins felur m.a. í sér að skipuleggja félagsstarf nemenda (sjá nánar í kafla 6.3). Að sögn stjórnenda, kennara og nemenda hefur félagið verið lítið virkt. Fram kom í rýnihópi kennara að skólinn væri án allra hefða og nemendur kæmu víða að. Því tæki tíma að byggja upp öflugt félagslíf. T.d. settu fjarlægðir og samgöngur starfinu skorður en einnig væri víðast öflugt félags- og menningarstarf í sveitarfélögunum sem nemendur tækju virkan þátt í auk þess sem einhverjir þeirra ynnu með skóla. Það viðhorf kom fram hjá nemendum að fámenni skólans gerði það að verkum að erfitt væri að halda úti öflugum félagslífi en nýr formaður sagðist bjartsýn eftir vel heppnað sundlaugarparty. Nemendur hafa margir hverjir verið öflugir í félagslífi samfélaganna sem þau búa í þar sem hefð er fyrir því að fólk á ólíkum aldri iðki saman sín áhugamál. Hafa skólayfirvöld velt fyrir sér hvort það henti sumum nemendum betur en sérstakt félagslíf jafnaldra í skóla.

⁴⁹ Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, 39. gr.

⁵⁰ Heimasíða MTR.

4.4. Mat úttektaraðila

- Í könnuninni *Stofnun ársins* 2014 mældist þátturinn trúverðugleiki stjórnenda að meðaltali 4,78 sem er á styrkleikabili (>4,2 af 5,0) og er með því hæsta sem úttektaraðilar hafa séð í könnunum á þessum þætti. Meðaltal allra stofnana var 3,86 og í könnuninni *Fyrirtæki ársins* 2014 mælist þátturinn 4,03. Þetta skýrist eflaust af stjórnunarstíl skólans sem skólameistari segir einkennast af „miklu samstarfi við alla. Hafa fólkið með”, og starfsmenn lýsa sem lýðræðislegum. Samstarf stjórnenda er mjög gott og njóta þeir mikils trausts starfsmanna, nemenda, skólanefndar og foreldra. Það er einnig mat úttektaraðila að mjög faglega hafi verið staðið að ráðningu stjórnenda og kemur það fram í mjög góðri stjórnun og samstarfi þeirra.
- Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu hans en þar er greint frá ábyrgðarskiptingu sem er enn ítarlegri í starfslýsingum. Skipuritið virðist henta stærð skólans og verkefnum hans að mestu leyti en úttektaraðilar taka undir það sjónarmið skólameistara að starfshlutfall aðstoðarskólameistara mætti auka en ekki sé þörf á fleiri millistjórnendum. Mikið vinnuálag er á stjórnendum, þar sem sambærileg verkefni þarf að inna af hendi við litla skóla jafnt sem stóra.
- Ýmis gögn sem varða stjórnun skólans eru aðgengileg á vef hans sem er almennt auðveldur í notkun og vel uppsettur.
- Í yfirstjórn skólans eru eingöngu konur en í allri stjórnun skólans er hlutfallið 33,3% karlar og 67,7% konur sem kemst næst því að endurspegla hlutfall karla og kvenna við skólann miðað við fjölda stjórnenda (sjá nánar í kafla 2.2.).
- Skólanefnd er að mati úttektaraðila afar vel skipuð einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn. Nefndin er mjög virk, heldur reglulega fundi, er m.a. samráðsaðili skólameistara, hefur haft frumkvæði að stefnumótun, fylgist með starfi skólans og hefur aðkomu að ýmsum málum. Fundargerðir nefndarinnar eru á heimasíðu skólans.
- Skólaráð var fyrst skipað haustið 2014. Ráðið hafði ekki fundað þegar úttekt fór fram í skólanum. Svo virðist sem farist hafi fyrir að skipa ráðið fyrr vegna anna við önnur verkefni. Mikilvægt er að skólaráð gegni hlutverki sínu lögum samkvæmt en þannig ættu nemendur að koma meira að stjórnun skólans og fundargerðir ráðsins að vera aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Fjöldi verkferla liggur fyrir og hafa starfsmenn verið virkir í gerð þeirra.
- Nemendafélagi skólans hefur gengið erfiðlega að halda úti fjölbreyttri starfsemi. Skólayfirvöld hafa velt því fyrir sér hvort það henti sumum nemendum betur að taka þátt í félagslífi samfélaganna heldur en í sérstöku félagslífi jafnaldra í skóla. Áhugavert væri að rýna frekar í það.
- Rekstur skólans árið 2013 var hallalaus.

Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga 2014

- Skýrt kom fram hjá skólanefnd og almennt í úttektinni hversu mikilvægur skólinn er samfélögunum sem hann tengist og styrkir sjálfsmynd þeirra. Skólinn hefur laðað að menntað fólk, hækkað menntunarstig í samfélaginu og hefur tekist afar vel upp með samstarf við atvinnulíf og einstaklinga á svæðinu. Þá sparar skóli í heimabyggð fjölskyldum mikil fjárútlát.

5. NÁM OG KENNSLA

5.1. Fjölbreytni

Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni.⁵¹

Í skólanámskrá MTR kemur fram að skólinn býður upp á metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni nemenda og sjálfstæði. Megináhersla er á bóknám, nám í íþróttum og útivist ásamt listnámi með áherslu á fagurlistir, listljósmyndun og skapandi tónlist.

Skólinn hefur frá stofnun starfað samkvæmt skólanámskrá í samræmi við lög frá 2008 og aðalnámskrá 2011 sem gefa aukið svigrúm í námsvali. Að sögn kennara hafa verið mótaðir yfir 200 nýir áfangar við skólann en 60 áfangar voru í boði vorið 2014. Áfangar eru einnig í boði í fjarnámi sé laust pláss í námskeiðinu eftir að nemendur í dagskóla hafa skráð sig. Fram kom í máli allra rýnihópa og stjórnenda að námsval væri afar fjölbreytt.

5.2. Kennsluhættir

Í stefnu skólans er vikið að ýmsu er varðar nám og kennslu, m.a. þekkingarleit, sjálfstæðum vinnubrögðum, víðsýni og fjölbreytni, gagnrýnni hugsun, ábyrgð, umburðarlyndi og að njóta menningar. Sjá nánar í kafla 2.3. Námið skiptist í nám undir verkstjórn kennara, sjálfstætt nám með aðgengi að námsaðstoð eða vendinám (Flipped Classroom). Miðað er við að nemandinn ljúki námi í skólanum á samfelldum vinnudegi.

Meginhluti námsefnisins er í kennslukerfi skólans. Þar er að finna öll fyrirmæli og upplýsingar um verkefni ásamt leiðbeiningum um hvernig nálgast skal námsefni sem ekki er í kennslubókum eða inni í kennslukerfinu. Flestum verkefnum er einnig skilað í kennslukerfinu. Vikulega þurfa allir nemendur að skila verkefnum. Þá er nokkuð um að vendinám sé nýtt en þar eru fyrirlestrar kennara teknir upp á myndbönd sem nemendur skoða en leysa síðan verkefni og geta til þess fengið aðstoð kennara. Tröllaskagi er nýsköpunaráfangi sem er fyrir alla nemendur þar sem þeir fyrri hluta annar skoða ýmislegt á svæðinu sem frumkvöðlar hafa byggt upp, móta síðan eigið frumkvöðlaverkefni síðari hluta annar. Verkefnið er kynnt í lok annar á sýningu sem mörg hundruð manns sækja að sögn skólameistara.

Hjá kennurum kom fram að kennsluhættir í skólanum væru fjölbreyttir og í sífelldri þróun. Sköpun, frjálrsæði, frumkvæði og djörfung væru mótandi ferli og að auðvelt að koma nýjum hugmyndum í framkvæmd. Góð tengsl við nærsamfélagið og góð og opin samskipti

51 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:29.

væru á milli kennara og nemenda. Faglegt frelsi væri mikið og skólinn og nærsamfélagið væri samtvinnuð í sköpun. Áföngum væri breytt til að koma til móts við fjar- og staðnemendur en það að báðir þessir hópar geti tekið sama áfanga sé nýbreytni. Skólinn nýtir upplýsingatækni í öllu skólastarfi. Nám og kennsla fer fram í kennslukerfi (Moodle), allir nemendur eru með fartölvu og kennarar fá fartölvu og spjaldtölvu frá skólanum.

Hjá stjórnendum kom fram að samstarf með mörgum öðrum smærri framhaldsskólum í gegnum *Fjarmenntaskólann* sé dýrmætt, en þar hafa skólar með sér samstarf um kennslu í áföngum þar sem hver skóli hefur ekki alltaf nægilega marga nemendur eða kennara til að kenna þá. Kom fram í máli skólameistara að betur gengi þegar lítill skóli og annar lítill skóli ynnu saman heldur en þegar lítill skóli og stór skóli ynnu saman. Þar vildi sá stóri gjarnan gleypa þann minni. Að sögn skólameistara stuðlar skólinn að fjölbreyttum kennsluháttum með því að fá fagmenn til kynningar á aðferðum á vinnudögum, haldnir séu 2-3 fagfundir mánaðarlega þar sem náms- og kennsluhættir eru jafnan til umræðu. Kennarar kynni hver fyrir öðrum hvað þeir gera á þessum fundum og rætt sé um verkfæri í námi og kennslu. Í árlegum starfsmannasamtölum við kennara sé rætt um kennsluhætti sem og marga aðra hluti.

Í rýnihópi nemenda kom fram að kennsluáferðir skólans væru fjölbreyttar og henti sterkum og sjálfstæðum nemendum. Það að skila verkefnum „endalaust“ henti ekki ósjálfstæðum nemendum. Sumir nemendur eigi erfitt með að lesa texta en námið byggist mikið á því að lesa sér til við úrlausn verkefna. Skólastjórnendur segja framsetningu námsefnis í tölvum geri nemendum með lesblindu kleift að breyta texta á skjá sem og að nota talgervla. Það viðhorf kom fram hjá nemendum að meira mætti vera um beina kennslu og útskýringar kennara. Fyrirkomulag á skilum verkefna væri hins vegar gott „því þú veist hvað þú átt að gera og þú veist hvenær þú átt að skila og þetta gefur gott skipulag sem er ekki flókið.“

Vinnustundir, þar sem kennarar eru til staðar til að leiðbeina, sögðu flestir nemenda að væru góðar en ríkjandi viðhorf var að skylda um mætingu væri leiðinleg. Mæting ætti að vera valfrjáls, sérstaklega á föstudögum og mánudögum. Á föstudögum hefðu þau sum lokið verkefnum vikunnar og á mánudegi væri ekki alltaf búið að setja fyrir ný. Hjá kennurum kom fram að vinnustundir nýtist misvel hjá nemendum, sumir nýta þær illa og alltaf séu einhverjir sem eru að gera annað. Fram kom hjá foreldrum sem rætt var við að það kerfi sem er við skólann henti kannski ekki öllum frekar en önnur kerfi.

Kennslukannanir hafa verið lagðar fyrir einu sinni á önn en misjafnt er hvort þær eru lagðar fyrir nemendur félagsgreina og tungumála eða nemendur raungreina og íþróttta. Tafla 11 sýnir samanburð kennslukannana á haustönn 2013 og vorönn 2014 en svörun í báðum könnunum var 54%. Könnunin var á fjögurra punkta skala en þeir hafa verið

Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga 2014

sameinaðir í mjög eða frekar sammála og mjög eða frekar ósammála. Þar sést að 85% mark skólans næst í flestum tilfellum. Þegar spurt er um nýtingu vinnutíma eru haustið 2013 70% nemenda mjög eða frekar sammála því að vinnutímar nýtist þeim vel en það hlutfall fer upp í 85% vorið 2014. Þá eru 83,4% mjög eða frekar sammála fullyrðingunni *kennarinn leitast við að hafa fjölbreytni í kennsluháttum* vorið 2014, og hefur hlutfallið lækkað úr 86% haustið 2013. Fullyrðingunni *ég hef tækifæri til að hafa áhrif á eða segja mitt álit á efni áfangans* voru 89,3% frekar eða mjög sammála haustið 2013 en 82% vorið 2014. Allir kennarar fá niðurstöðu sína og heildarniðurstöður allra til samanburðar.⁵²

Tafla 11. Samanburður viðhorfskannana frá haustönn 2013 til og með vorönn 2014.

Spurningar í kennslukönnun	Haust 2013		Vor 2014	
	Meðaltal mjög eða frekar ósammála	Meðaltal mjög eða frekar sammála	Meðaltal mjög eða frekar ósammála	Meðaltal mjög eða frekar sammála
Kennarinn hefur góða þekkingu á námsefninu	5,0%	95,0%	2%	98%
Kennarinn mætir vel í kennslustundir og er stundvís	5%	95%	6,7%	93,3%
Kennarinn er skipulagður og kemur undirbúinn í kennslustundir	5,3%	94,7%	2,4%	97,6%
Kennarinn er jákvæður og hvetjandi í garð nemenda	5%	95%	6,1%	93,9%
Kennarinn sýnir áhuga á að nemendur taki framförum (bæti árangur sinn)	4,4%	95,5%	4,4%	95,6%
Kennarinn leitast við að hafa fjölbreytni í kennsluháttum (kennsluáferðir, verkefni o.fl.)	14%	86%	16,6%	83,4%
Kennarinn skilar úrlausnum (prófum/verkefnum) innan hæfilegra marka miðað við umfang þeirra	7%	93,4%	14%	86%
Áætlanir og upplýsingar í Moodle frá kennara í viku hverri nýtast mér vel	7%	93%	4%	96%
Grunnánmsgögn áfangans eru góð (námsefni)	5,7%	94,3%	7,2%	92,8%
Ég sýni áhuga og eftirtekt í kennslustundum	5,3%	94,7%	9,0%	91,0%
Ég mæti vel og stundvíslega í kennslustundir	3,4%	96,6%	10,8%	89,2%
Ég leita til kennarans ef ég skil ekki kennsluefnið	8,0%	92,0%	9,7%	90,3%
Ég er virk/virkur til jafns við aðra í hópvinnu	6,8%	93,2%	6,3%	93,7%
Ég nýti upplýsingarnar frá kennara til að vinna eftir (kennsluáætlanir, itarefni og fyrirmæli með verkefnum og prófspurningum)	3%	97%	4,8%	95,2%
Ég vinn að því að ná sífellt betri tókum á námsefninu	4%	96%	7,1%	92,9%
Ég tek ábyrgð á námi mínu í áfanganum	1,7%	98,3%	3,4%	96,6%
Ég skila verkefnum á réttum tíma	4,6%	95,4%	12,3%	87,7%
Ég sýni frumkvæði og leita þekkingar umfram það sem skylt er í áfanganum	11,5%	88,5%	13,8%	86,2%
Mér líður vel í þessum áfanga	10,8%	89,2%	8,9%	90,1%
Vinna í þessum áfanga er hæfilega mikil	7,7%	92,3%	7,2%	92,8%
Vinnutímar nýtast mér vel	30%	70%	15,0%	85%
Ég hef tækifæri til að hafa áhrif á eða segja mitt álit á efni áfangans	10,7%	89,3%	18%	82%
Fyrirkomulag áfangans hentar mér (vikulotur í Moodle)	4,6%	95,4%	10,0%	90,0%
Námsaðferðir í áfanganum henta mér (símat)	4,7%	95,3%	8,7%	91,3%
Ég skoða endurgjöf og athugasemdir við verkefni frá kennara	7,3%	92,7%	6,5%	93,5%

⁵² Sjálfsmatskýrsla 2013 – 2014.

Í kjölfar kennslukannana hefur skólameistari átt samtali við kennarana um niðurstöðurnar en þær eru einnig ræddar í kennarahópnum. Þar kom fram að e.t.v. gæti kennsluferfið haft hér áhrif til lækkunar og sumum nemendum þætti það fremur einhæft að sækja viðfangsefni sín allaf á sama stað en öðrum gæti þótt það eftirsóknarvert.⁵³

Einstaklingsáætlanir eru gerðar á starfsbraut en ekki fyrir nemendur í dagskóla. Að sögn skólameistara er ekki fjármagn til þeirrar vinnu né gert ráð fyrir henni í kjarasamningum kennara. Engin formleg stefna er fyrir heimavinnu en skólinn starfar samkvæmt nýrri aðalnámskrá þar sem vinnutími nemenda reiknast í námseiningum. Skólameistari segir kennara skipuleggja viðfangsefni miðað við áætlaðan vinnutíma áfanga í hverri viku, kennslustundir og heimanám. Ýmist séu innlagnir heima eða í skólanum og misjafnt hvort verkefnavinna, lestur eða önnur viðfangsefni séu í skóla eða heimavið.

5.2.1. Jafnréttiskennsla

Jafnréttiskennsla hefur verið hluti af áfanganum inngangur að félagsvísindum sem er kjarnaáfangi allra brauta. Í þeim áfanga var farið yfir Kynungabók en nemendur gagnrýndu heftið. Þeirri gagnrýni hefur verið komið til mennta- og menningarmálaráðuneytisins en ekki hafa borist nein svör. Kennslu var því hætt árið 2013. Fjallað er um kynhlutverk í öðrum félagsfræðiáfanga ásamt því að boðið var upp á kynjafræði en kennsla féll niður vegna dræmrar skráningar. Einnig er kenndur áfangi um þróunarhjálp og áfangar tengdir Comenius verkefninu, en þar vinna nemendur með jafnöldrum sínum af öðru þjóðerni og menningarsvæði. ABC2A03 er áfangi um þróunarhjálp í samstarfi við ABC Barnahjálp um aðstæður í þróunarríki.⁵⁴

5.3. Lýðræði

*Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans...Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.*⁵⁵

Lýðræðisleg aðkoma starfsmanna og nemenda að skólastarfinu er formleg í gegnum setu þeirra í skólanefnd og í skólaráði frá hausti 2014. Skólafundir eru haldnir reglulega, nemendur láta í ljós viðhorf sitt í kennslu- og viðhorfskönnunum og starfsmenn í viðhorfskönnunum. Foreldrar eiga sinn vettvang í gegnum foreldrafélag og eiga áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Nemendur sem rætt var við sögðu kennsluhætti lýðræðislega, hægt væri að hafa áhrif á það sem kennt er og kennarar væru tilbúnir að smíða nýja námsáfanga. Ef nemendur eru ekki búnir að finna hvað þeir vilja læra, geta þeir leitað til

⁵³ Sjálfsmatsskýrsla 2013 – 2014.

⁵⁴ Gögn frá skóla.

⁵⁵ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:14.

námsráðgjafa og fengið að taka áhugasviðspróf. Í rýnihópum starfsmanna kom fram að þeir telja lýðræði vera virkt í skólanum.

5.4. Þróunarverkefni

Skólinn hefur tekið þátt í sjö þróunarverkefnum frá stofnun. Á síðustu tveimur árum hefur hann verið þátttakandi í verkefnunum úrgangslist, tölvuleikjahönnun, umhverfis- og auðlindabraut, fiskitækni, útivist og náttúra og sjálfsmat. Einnig er skólinn, ásamt öðrum skólum innan fjarmenntaskólaverkefnisins, þátttakandi í tveimur þróunarverkefnum er fengu styrk úr Sprotasjóði vorið 2014; um starfsnám á landsbyggðinni og samkenntu milli skóla í dreifbýli. Verkefnið um úrgangslist var í formi valáfanga en markmið hans var m.a. að skapa list úr úrgangi og kynna nemendur fyrir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Kennsla fór fram inn í kennslustofu, úti í náttúrunni, í grenndarsamfélaginu ásamt vettvagnsheimsóknum. Í lok áfangans stóðu nemendur fyrir opinberri listasýningu.⁵⁶ Reyndist áfanginn svo vel að hann er nú í kjarna á listmálunarbraut.

Stjórn skólans samþykkti haustið 2013 að skipulagður yrði og kenndur nýr valáfangi sem snýr að tölvuleikjum og leikjatölvum. Markmið hans er að *gefa nemendum djúpri sýn inn í sögu og þróun tölvuleikja og um leið efla sjálfstæða og gagnrýna hugsun, samvinnunám nemenda og tengja tölvuleiki við aðrar námsgreinar*. Nýi áfanginn var kenndur í fyrsta sinn á vorönn 2014.⁵⁷ Fram kom í úttektinni að eingöngu strákar hafi sótt áfangann. Skólameistari sagði áfangann hafa opnað umræðu um mikilvægi þess að í náminu væri fengist við þann raunveruleika að nemendur spiluðu tölvuleiki og að tölvuleikir væru vaxandi iðnaður.

Verkefnið um umhverfis- og auðlindabraut 2012-2013 fól í sér samstarf fjögurra framhaldsskóla um að bjóða sameiginlega upp á fjarnám á slíkri braut til stúdentsprófs. Í skýrslu um verkefnið kemur fram að í stórum dráttum hafi verkefnið gengið vel en ekki hafi náðst að tengja kennara brautarinnar nægilega vel saman og aðsókn nemenda hefði ekki verið nægileg. Helsti ávinningur verkefnisins fólst í samstarfi skólanna en það stuðlaði að enn meira samstarfi þeirra á milli og samstarfsskólum fjölgaði.⁵⁸

Þróunarverkefni skólans um fiskitækni 2012-2013 var tilraunakennsla fiskitæknibrautar við skólann. Í skýrslu um verkefnið segir að eðlilegt sé að áfangar taki einhverjum breytingum þegar þeir verði kenndir næst og kostur væri ef nám væri tengt betur við atvinnulífið. Það væri jafnframt betri undirbúningur nemenda undir vinnustaðanáms sem er hluti af námsleiðinni. Skólinn er nú í samstarfi við háskólann á Akureyri um nám brautarinnar. Einnig segir að skýrsluhöfundum hafi borist fregnir af því að einstaklingar væru hikandi við að skrá sig til náms á brautinni þar sem ekki væri hægt að

⁵⁶ Heimasiða MTR.

⁵⁷ Heimasiða MTR.

⁵⁸ Heimasiða MTR.

meta verklega kunnáttu þeirra. Fallið var frá brautinni þar sem ekki náðust nemendur inn á brautina og er hún því ekki á stefnuskránni nema forsendur breytist.

Skólinn hefur verið í samstarfi við þrjá aðra skóla um að koma á fót námsbraut tengdri útivist og náttúru. Afurð verkefnisins er íþróttta og útivistarbraut sem nú er kennd við skólann.⁵⁹ Einnig hefur skólinn unnið að uppbyggingu sjálfsmatsaðferða og sótti um styrk til þess í verkefnasjóð. Markmið verkefnisins var að þróa sjálfsmatstæki í anda stefnumiðaðs árangursmats en niðurstaðan varð að móta eigin sjálfsmatsaðferðir sem væru sveigjanlegri.⁶⁰

5.5. Mat úttektaraðila

- Skólinn hefur frá stofnun starfað samkvæmt skólanámskrá í samræmi við lögin frá 2008 og aðalnámskrá 2011 sem gefa aukið svigrúm í námsvali. Að sögn kennara hafa verið mótaðir yfir 200 nýir áfangar við skólann. Þeir áfangar eru einnig í boði í fjarnámi sé laust pláss í námskeiðinu. Í skólanámskrá MTR kemur fram að skólinn býður upp á metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni nemenda og sjálfstæði. Megináhersla er á bóknám, nám í íþróttum og útivist ásamt listnámi. Að mati úttektaraðila er framboð skólans mjög fjölbreytt og margar leiðir nýttar í því skyni. Afrakstur listnáms er vel sýnilegur í húsakynnum skólans.
- Í stefnu skólans er vikið að ýmsu er varðar nám og kennslu, m.a. fjölbreytni, þekkingarleit, sjálfstæðum vinnubrögðum, víðsýni, gagnrýnni hugsun, ábyrgð, umburðarlyndi og að njóta menningar. Námið skiptist í nám undir verkstjórn kennara, sjálfstætt nám með aðgengi að námsaðstoð eða vendinám. Meginhluti námsefnisins er í kennslukerfi skólans. „Tröllaskagi“ er nýsköpunaráfangi sem er fyrir alla nemendur þar sem þeir fyrri hluta annar skoða ýmislegt á svæðinu sem frumkvöðlar hafa byggt upp og móta síðan eigið frumkvöðlaverkefni síðari hluta annar sem sýnt er á sýningu í lok annar. Mikið er lagt upp úr sjálfstæði nemenda og samfelldri endurgjöf þar sem verkefnum er skilað vikulega og kennsluaðferðir eru mjög fjölbreyttar.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar á starfsbraut en ekki fyrir nemendur í dagskóla. Að sögn skólameistara er ekki fjármagn til að vinna þá vinnu né gert ráð fyrir henni í kjarasamningum.
- Engin formleg stefna er fyrir heimavinnu en skólinn starfar samkvæmt nýrri aðalnámskrá þar sem vinnutími nemenda reiknast í námseiningum. Ljóst er að vikuleg verkefnaskil gera kröfu um skipulega vinnu nemenda, í vinnustundum eða heima.

⁵⁹ Heimasíða MTR.

⁶⁰ Heimasíða MTR.

- Lýðræðisleg aðkoma starfsmanna og nemenda að skólastarfinu er formleg í gegnum setu þeirra í skólanefnd, og í skólaráði frá hausti 2014. Skólafundir eru haldnir reglulega. Foreldrar eiga sinn vettvang í gegnum foreldrafélag og eiga áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.
- Stjórnendur og starfsmenn hafa verið mjög áhugasamir um þátttöku í þróunarverkefnum frá stofnun, t.d. í verkefni um Fjarmenntaskólann, þ.e. starfsnám á landsbyggðinni og samkennsla milli skóla í dreifbýli, sem hefur gagnast skólanum afar vel. Vert er að benda á að fallið var frá tilraunakennslu fiskitæknibrautar við skólann þar sem ekki náðust nemendur inn á brautina og er hún því ekki á stefnuskránni nema forsendur breytist. Má það teljast athyglisvert miðað við vægi sjávarútvegs í landinu. Athuga mætti betur hvað veldur þessu áhugaleysi.

6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Fram kom í rýnihópum að starfsandi í skólanum væri almennt góður og einkennist m.a. af gleði, léttleika, hlýju og heimilislegu andrúmslofti. Yfirstjórn segir að frá upphafi hafi það verið stefna stjórnenda að skólinn hefði hlýlegt yfirbragð. Hugað væri að því að list skipaði veglegan sess alls staðar í húsakynnum skólans.

Skólinn tók í þriðja skipti þátt í könnuninni *Stofnun ársins* árið 2014. Svarhlutfall var 90% og Menntaskólinn á Tröllaskaga varð í 2. sæti sem fyrirmyndarstofnun meðal stofnana með 20-49 starfsmenn og hlaut viðurkenningu SFR fyrir það. Heildarmat skólans var 4,55 og var hann í fjórða sæti yfir þær stofnanir sem könnunin náði til. Þá var skólinn í efsta sæti framhaldsskóla og háskóla. Skólinn var yfir meðaltali í öllum þáttum sem skoðaðir voru. Ánægja og stolt mældist 4,83 og starfsandi 4,59 (styrkleikabil >4,2). Allir þættir höfðu styrkst frá fyrri könnun að undanskildum launakjörum. Í viðhorfskönnun nemenda 2014 sögðu 86,5% nemenda að starfsandi í skólanum væri góður og 90,5% sögðust vera ánægð í skólanum þegar á heildina væri litið.

6.1. Líðan nemenda

Í viðhorfskönnun vorið 2014 sögðu 85% nemenda að þeim liði vel í skólanum, 87% sögðust hafa gott aðgengi að umsjónarkennara, 88,5% sögðust fá stuðning og hjálp frá kennara þegar á þyrfti að halda og 85,1% fá stuðning og hjálp frá samnemendum þegar á þyrfti að halda. Í niðurstöðum kemur einnig fram að 45% nemenda sögðu vinnuálag ójafnt og að verkefni hlaðist upp. Í könnun 2013 sögðu 64,5% vera álag í heimanámi en í könnuninni 2014 var hlutfallið 59%.^{61 62}

Í könnun *Rannsóknar og greiningar* árið 2014 á líðan 16-17 ára nemenda koma nemendur í MTR í mörgum þáttum verr út en landsmeðaltal sýnir. Færri þeirra eru hamingjusamir og ánægðir með lífið. T.d. liður fleiri strákum í MTR illa í skólanum miðað við alla skóla, eða 14%, en landsmeðaltal er 6%. 34% stráka leiðist námið (landsmeðaltal 26%), hlutfall stráka sem telja námið of létt er 25% en 10% í öllum skólum. Í heild segja 14% nemenda MTR námið oft eða alltaf of létt og er það hæsta hlutfallið í könnuninni. 26% stráka telja námið of þungt (landsmeðaltal 18%). 12% stelpna telja hins vegar námið of þungt en 23% í öðrum skólum.⁶³ Í rýnihópi nemenda kom fram sú skýring að sumum strákum liði illa vegna þess að þeir hefðu ekki fengið að fara í skóla á Akureyri. Einnig kom fram það viðhorf að hér væru þau örugg, margir hefðu byrjað í öðrum skóla en komið svo aftur. Af tíu

⁶¹ Stofnun ársins.

⁶² Sjálfsmatskýrsla 2014.

⁶³ Rannsókn og greining.

nemendum í rýnihópi höfðu sex stundað nám annars staðar, sum í fleiri en einum skóla, en komið svo heim aftur.

6.2. Einelti og agamál

Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum, sjá nánar kafla 2.3.1. Einnig eru skólareglur aðgengilegar á heimasíðu skólans.⁶⁴ Samkvæmt áætlun um framkvæmd innra mats er áætlað að leggja fyrir eineltiskönnun í október 2014, 2015 og 2016 en slík könnun hefur ekki verið gerð fyrr. Skólinn hefur þó kannað líðan nemenda reglulega.⁶⁵

Í rýnihópum kennara og í viðtölum við skólastjórnendur kom fram að vegna smæðar skólans skapast mikil samheldni meðal nemenda og starfsmenn séu í betri aðstöðu til að greina eineltis- og agamál fyrr en ella. Þetta viðhorf kom einnig fram hjá foreldrum. Þessir þættir geri það að verkum að lítið sé um einelti í skólanum. Fram kom í rýnihópi kennara að eitt tilvik um einelti hefði komið upp, hefði verið leyst samkvæmt ferlum skólans og fengið farsælan endi. Nemendur sem rætt var við sögðu skólareglur skýrar þótt ekki væru almenn sátt um þær allar, s.s. um notkun tóbaks. Þeir sögðu tekið á agabrotum en lítið væri um einelti og agabrot vegna fámennis og þess hve hópurinn er góður og náinn. Fram kom hjá stjórnendum að nemendur sem hafi verið erfiðir í 10. bekk grunnskóla hafir flestir sýnt góða hegðun í skólanum.

6.3. Félags- og tómstundastarf

Við skólann er félagsfulltrúi en hlutverk hans er eftirfarandi:⁶⁶

- Er fararstjóri í menningarferðum og ferðalögum sem nemendur standa fyrir ef þess er kostur. Tími í ferðunum sjálfum er greiddur sérstaklega.
- Aðstoðar við skipulagningu þeirra atburða sem nemendafélagið stendur fyrir eða tekur þátt í.
- Hvetur til þess að upplýsingar um félagsmál birtist á heimasíðu skólans.
- Kynnir fyrir kennurum og öðru starfsfólki samkomuhald og skemmtanir sem nemendur standa fyrir í skólanum.
- Styður nemendafélagið í starfi sínu fyrir nemendur.
- Er í samstarfi við forvarnafulltrúa og vinnur með honum að forvörnum innan skólans.

Skólinn stendur ekki fyrir félags- og tómstundastarfi en það gerir nemendafélag skólans, s.s. með jólaskemmtun, árshátíð, klúbbum og fleiru. Skólameistari bendir á að nám nemenda tengist í mörgum tilfellum hugðarefnum þeirra, svo sem í skapandi tónlist, knattspyrnuakademíu, frjálsíþróttakademíu, útivistarferðum, skíðum, brimbrettum, kanó,

⁶⁴ Heimasíða MTR.

⁶⁵ Gögn frá skóla.

⁶⁶ Heimasíða MTR.

ljósmyndun, björgunarsveitarnámi og fleiru. Skólinn er í fámennu samfélagi og hafa nemendur verið virkir þátttakendur í því sem þar er að gerast, svo sem í ljóðasetri, leikfélaginu, íþróttafélögum og mörgu fleiru. Þannig hafi nemendur því haft áhrif á félags- og tómstundastarf í þeim byggðarlögum sem þeir búa, enda eru þeir nú heima yfir vetrartímamann í stað þess að dvelja annars staðar. Virðist sem nemendur hafi meiri áhuga á slíku en svipuðu starfi í skólanum sjá ennfremur í kafla 4.3.

6.4. Jafnrétti meðal nemenda

Skólinn hefur jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sjá nánar kafla 2.3.2. Að sögn starfsfólks er jafnréttis gætt í skólastarfinu með því að starfa eftir áætluninni. Einnig er mikil áhersla lögð á að nemendur á starfsbraut taki sem virkastan þátt í öllu skólastarfinu. Val nemenda á námi virðist nokkuð kynbundið. Konur eru í meirihluta m.a. á listabraut. Karlar eru í meirihluta m.a. á íþróttabraut (sjá töflu 12). Einnig eru fleiri stelpur en strákar í 10. bekk sem sækja einstaka námskeið í fjarnámi. Skólinn hefur móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og er hún aðgengileg á heimasíðu hans.⁶⁷

Tafla 12. Kynjaskipting nemenda eftir námsbrautum haust 2014.

Námsbraut	Stelpur	Strákar	Alls
Félags- og hugvísindabraut	34	14	48
Íþrótt og útivistarbraut	9	15	24
Náttúrufræðibraut	15	25	40
Listabraut	25	15	40
10. bekkur - fjarnemar	8	5	13
Starfsbraut	2	13	15
Ótilgreind braut – fjarnemar	21	10	31
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	0	2

6.5. Náms- og starfsráðgjöf

Aðstoðarskólameistari sinnir starfi náms- og starfsráðgjafa en hann er ekki með fullgild réttindi til starfsins. Að sögn skólameistara var fyrrverandi náms- og starfsráðgjafi kjörinn á þing vorið 2013 og auglýsing eftir starfsfólki hafi ekki borið árangur. Því sinni aðstoðarskólameistari því hlutverki tímabundið. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa skólans er

⁶⁷ Heimasíða MTR.

fyrst og fremst að vera málsvari og trúnaðarmaður nemenda innan skólans og standa vörð um velferð þeirra. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa skólans eru:⁶⁸

- Skipuleggja og sjá um framkvæmd náms- og starfsfræðslu í skólanum
- Annast ráðgjöf um náms og starfsval
- Taka þátt í að skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum
- Að veita upplýsingar og fræðslu um nám og störf
- Sinna kennslu um hagnýtar námsaðferðir
- Aðstoða nemendur við að finna úrræði vegna námserfiðleika
- Hjálpa nemendum að átta sig á áhugasviðum sínum
- Hjálpa nemendum að finna styrkleika sína og námsstíl
- Að fylgjast með námsgengi nemenda og gera tillögur til úrbóta gerist þess þörf
- Að liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda og vera þeim til aðstoðar við skipulagningu og umsjón með nemendahópum
- Að hafa samband við forráðamenn nemenda þegar þörf er á
- Yfirumsjón með mætingum nemenda og viðbragðsferli
- Að tengja saman félagslíf í samfélaginu og skólanum í samstarfi við umsjónarmann með félagslífi nemenda
- Fylgjast með nýjungum á sviði námsráðgjafar
- Sjá um kynningar á skólanum
- Vinna að ýmsum verkefnum í samráði við stjórnendur skólans
- Taka saman skýrslu um starfsemina í lok hvers skólaárs.

Á vorönn 2014 voru 24 nemendur á skrá sem höfðu lagt fram greiningu um námsörðugleika, þar af 21 með dyslexiu. Að sögn skólastjórnenda er miðað við að framsetning námsefnis í tölvum geri nemendum með lesblindu kleift að breyta texta á skjá sem og að nota talgervla. Þar sem tímatakmörk eru, fá þeir lengri tíma en á það reynir sjaldan þar sem verkefni eru vikulöng. Séráfangar eru í íslensku, stærðfræði og ensku fyrir þá sem koma inn með slakan undirbúning. 25% af kennslustundum eru verkefnatímar og þar gefst nemendum sem eru stírdari í ákveðnum greinum en liprari í öðrum að auka við námstíma sinn í stírdri grein með aðstoð fagkennara. Sérkennarar styðja einnig nemendur í námstækniþópum og námstækni er kennd í sérstökum áföngum. Nemendur hafa frelsi til að meta hvar þau þurfi hjálp 1 klst. í viku í hverjum áfanga. Þessar aðgerðir séu liður í að nemendur taki meiri ábyrgð og gefa tækifæri til að ná til einstaklinga. Þær eru kynntar vel fyrir 10. bekkningum í grunnskólunum á svæðinu.

68 Heimasiða MTR.

6.6. Forvarnar- og áfallaráð

Við skólann er forvarnarteymi, sjá nánar kafla 2.3.3. Skólinn hefur áfallaáætlun og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Áfallateymi skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari/náms- og starfsráðgjafi, kennari og fulltrúi á skrifstofu. Einnig hefur ráðið samstarfsaðila utan skólans, þ.e. prest, fulltrúa frá heilsugæslunni, lækni og fulltrúa frá lögreglunni. Ráðið kemur saman eftir þörfum.⁶⁹ Skólinn hefur rýmingaráætlun sem einnig er aðgengileg á heimasíðu skólans.⁷⁰ Einu sinni hefur þurft að nýta áfallateymi og virkaði fyrirkomulagið vel að sögn stjórnenda og kennara.

6.7. Mat úttektaraðila

- Starfsandi í skólanum er almennt góður og einkennist m.a. af gleði, léttleika, hlýju og heimilislegu andrúmslofti. Skólinn tók í þriðja skipti þátt í könnuninni Stofnun ársins árið 2014. Svarhlutfall var 90% og Menntaskólinn á Tröllaskaga varð í 2. sæti sem fyrirmyndarstofnun meðal stofnana með 20-49 starfsmenn. Ánægja og stolt mælist 4,83 og starfsandi 4,59. Í viðhorfskönnun nemenda 2014 sögðu 86,5% nemenda að starfsandi í skólanum væri góður og 90,5% sögðust vera ánægðir í skólanum þegar á heildina væri litið, sem er afar hátt hlutfall.
- Í viðhorfskönnun vorið 2014 kemur fram að nemendum virðist almennt líða vel í skólanum. Yfir 85% sögðu að þeim liði vel í skólanum, hefðu gott aðgengi að umsjónarkennara, fái stuðning og hjálp frá kennara og frá samnemendum. Í niðurstöðum kemur einnig fram að 45% nemenda telja vinnuálag ójafnt og verkefni hlaðist upp. Úttektaraðilar benda á að skólinn tekur inn alla nemendur sem sækja um skólavist, og flokkar nemendur ekki eftir einkunn úr grunnskóla. Breidd nemendahópsins er því mikil og eðlilegt getur því verið að nemendur upplifi álagið ólíkt.
- Í könnun Rannsóknar og greiningar árið 2014 á líðan 16-17 ára nemenda koma nemendur í Menntaskólanum á Tröllaskaga í mörgum þáttum verr út en meðaltal annarra framhaldsskóla sýnir. Færri þeirra eru hamingjusöm og ánægð með lífið. T.d. líður fleiri strákum í MTR illa í skólanum og leiðist námið og fleiri strákum finnst námið of létt miðað við aðra skóla. Í rýnihópi nemenda kom fram sú skýring að sumum strákum liði illa vegna þess að þeir hefðu ekki fengið að fara í skóla á Akureyri og má vera að það sé ein af skýringunum. Þar sem könnun Rannsóknar og greiningar á einungis við um yngstu nemendurna er ástæða til að bera enn frekar saman væntingar til námsins og hvernig þeir upplifa námið og skólastarfið fyrstu

⁶⁹ Heimasíða MTR.

⁷⁰ Heimasíða MTR.

annirnar. Úttektaraðilar benda á ákveðna mótsögn við niðurstöður í viðhorfskönnun meðal nemenda 2014. Rýna þarf því betur í líðan og af hverju svo mörgum nýnemum finnst námið of létt þar sem allir nemendur sem sækja um skólann eru teknir inn.

- Vegna smæðar skólans skapast mikil samheldni meðal nemenda og starfsmanna og því auðveldara að greina eineltis- og agamál fyrr en ella. Það vekur sérstaka athygli úttektaraðila að nemendur sem hafa verið erfiðir í 10. bekk grunnskóla hafi flestir sýnt góða hegðun í skólanum, sem bendir til að nemendum líði vel.
- Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sjá nánar í kafla 2.3.3. Námsval nemenda, eftir að leiðrétt hefur verið fyrir kynjahlutfalli í nemendahópnum, er ekki áberandi kynskipt nema á íþróttabraut og náttúrufræðibraut, en þar eru fleiri strákar en kynjahlutfall í skólanum gefur tilefni til og ætti að skoða það nánar sbr. jafnréttisstefnu skólans og -lög.
- Aðstoðarskólameistari sinnir tímabundið starfi náms- og starfsráðgjafa en hann er ekki með fullgild réttindi til starfsins. Að mati úttektaraðila lýsir þetta vanda skóla í dreifbýli hvað varðar sérhæft starfsfólk. MTR hefur fundið lausnir hvað varðar kennara en erfiðara er að leysa mál þegar sérmenntaður starfsmaður í hlutastarfi er tímabundið frá.
- Áfallaáætlun er til staðar og er aðgengileg á heimasíðu skólans.

7. INNRA MAT

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laga nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur⁷¹.

Samkvæmt lögum nr. 98/2008 um framhaldsskóla er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum eftirfarandi:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum¹⁹*

7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur frá stofnun unnið að þróun á kerfisbundnu mati á skólastarfinu. Skólinn fékk þróunarstyrk til að þróa matið í anda stefnumiðaðs árangursmats. Í skýrslu um sjálfsmat skólans 2013-2014 kemur hins vegar fram að ákvörðun hafi verið tekin í samráði við starfsmenn um að skólinn þrói sjálfur sjálfsmatsaðferðir í stað þess að taka upp ákveðna aðferð. Sjálfsmatshópur sér um skipulag og framkvæmd matsins. Hópurinn skipa tveir kennarar og aðstoðarskólameistari sem er jafnframt ábyrgur fyrir matinu. Markmið innra mats er að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins ásamt því að vera grundvöllur umbótastarfs. Því er ætlað að ná til allra stjórnunarháttanna og samskipta innan skólans.

Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar sjálfsmatsskýrslur hans allt frá skólaárinu 2011 - 2012. Innra mat skólans 2013 - 2014 fól í sér viðhorfskönnun meðal nemenda og kennara um líðan, aðbúnað o.fl., könnun á kennslu valinna áfanga, þátttöku í könnuninni *Stofnun ársins*, greiningu gagna um skólastarf, námsárangur o.fl, þátttöku í rannsókn *Rannsóknna og greiningar* meðal framhaldsskóla, starfsmannasamtöl og mat kennara á eigin áföngum. Áætlun um framkvæmd innra mats er gerð til þriggja ára og liggur fyrir áætlun 2014 – 2107.⁷²

7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati

Samkvæmt skýrslu skólans um innra mat fyrir skólaárið 2013 - 2014 hafa starfsmenn og nemendur aðkomu að innra mati. Starfsmenn t.a.m. með setu í sjálfsmatsteymi, þátttöku í

⁷¹ Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008 gr. 40 .

⁷² Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

vinnustaðagreiningu og í starfsmannasamtölum. Nemendur komu að innra mati með þátttöku í viðhorfskönnun og kennslukönnun. Foreldrar höfðu ekki aðkomu að matinu en samkvæmt áætlun um innra mat er gert ráð fyrir að viðhorfskönnun verði lögð fyrir foreldra í janúar 2015 og 2016.⁷³ Í rýnihópum starfsmanna kom fram að niðurstöður mats hefðu verið kynntar. Nemendur sögðu niðurstöður hafa verið kynntar fyrir stjórn nemendafélags en foreldrar sögðust ekki muna eftir sérstakri kynningu, en vissu af sjálfsmatsskýrslum sem væru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

7.3. Mat á frammistöðu kennara

Í innra mati er frammistaða kennara metin m.a. með kennslukönnunum sem lagðar eru fyrir nemendur og með mati kennara á þeim námskeiðum sem þeir kenna. Könnun meðal nemenda er meginleg könnun þar sem nemendur eru beðnir um að meta kennslu, undirbúning, framsetningu kennsluefnis, námsmatsaðferðir, viðmót kennara ásamt mati þeirra á eigin frammistöðu. Samantekt á niðurstöðum matsins er kynnt á kennarafundi og fyrir fulltrúum nemendafélagsins. Kennarar fá sendar niðurstöður áfanga sem þeir kenna og skólameistari fær heildarniðurstöður og fer yfir matið með hverjum og einum kennara. Mat kennara felur í sér kosti og galla áfanga ásamt ábendingum og hugmyndum um úrbætur.⁷⁴ Ef kennari kemur illa út úr kennslukönnun er að sögn skólameistara alltaf rætt við viðkomandi og reynt að finna lausn á málinu.

7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats

Áætlun um umbætur hefur verið gerð í kjölfar innra mats og er hún hluti af sjálfsmatsskýrslu skólans. Skólastjórnendur og kennarar eru ábyrgir fyrir umbótum og eftirfylgni. Sjálfsmatsskýrslur og áætlanir um framkvæmd matsins er að finna á heimasíðu skólans. Niðurstöður eru kynntar formlega í skólanefnd sem í úttektinni hrósaði mjög sjálfsmatsskýrslu skólans.

7.5. Mat úttektaraðila

- Innra mat skólans uppfyllir að flestu leyti viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Allir þættir skólasamfélagsins eru metnir og flestir aðilar skólasamfélagsins eiga aðild að matinu, m.a. með þátttöku í könnunum, en framundan er könnun meðal foreldra sem fram að þessu hafa átt litla hlutdeild í því. Æskilegt væri að fulltrúi nemenda sæti í sjálfsmatshópnum svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins, sbr. lög um framhaldsskóla.

⁷³ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

⁷⁴ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga 2014

- Í innra mati er frammistaða kennara metin m.a. með kennslukönnunum sem lagðar eru fyrir nemendur og með mati kennara á þeim námskeiðum sem þeir kenna. Skólameistari fylgir niðurstöðum eftir.
- Niðurstöður matsins eru kynntar formlega í skólanefnd.
- Umbótaáætlun 2015 - 2015 liggur fyrir og eru þar tilgreind viðmið, mælingar, aðgerðir og ábyrgð.

8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

Að sögn stjórnenda leitast skólinn við að eiga gott samstarf við foreldra ólögráða nemenda. Skólinn heldur kynningarfundum fyrir foreldra nýnema þar sem aðstaða og þjónusta skólans er kynnt en að sögn yfirstjórnar hefur aðsókn verið afar dræm. Foreldrar, sem rætt var við, segja auðvelt að nálgast stjórnendur skólans sé þess þörf og hrósa þar góðu samstarfi og viðmóti. Skólameistari segir Menntaskólann á Tröllaskaga leggja mikla áherslu á samstarf við grenndarsamfélagið og aðra aðila innanlands sem utan, sem sé afar mikilvægt m.t.t. smæðar skólans (sjá kafla 5.4). Skólinn tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi, t.d. með nemendaskiptum, heimsóknnum erlendra nemenda og kennara, þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum o.fl.

8.1. Foreldraráð

Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann.⁷⁵

Foreldraráð er við skólann, markmið þess eru að:

- Að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.
- Að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda.
- Að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélaga og starfsfólks skólans.
- Að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega, bæði gagnvart námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans.
- Að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.

Kosið er í ráðið á aðalfundi ráðsins. Fundargerðir þess eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans en samkvæmt þeim kom ráðið tvisvar sinnum saman á skólaárinu 2012 – 2013 en aldrei skólaárið 2013 – 2014. Ráðið hefur fjallað um félagslíf nemenda, upplýsingamiðlun til foreldra, skólafundi, skólalok o.fl.⁷⁶ Foreldraráð er að sögn fulltrúa og yfirstjórnar lítið virkt og erfitt að auka virkni foreldra. Foreldrar, sem rætt var við, lýstu yfir vilja til að styðja við félagslíf nemenda, en það hefur verið lítið fram að þessu. Skólanámskrá hefur ekki komið til umsagnar hjá foreldraráðinu, en er aðgengileg á heimasíðu skólans.

⁷⁵ Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008 50. gr.

⁷⁶ Gögn frá skóla.

Foreldrar sögðu að grunur um einelti hefði komið upp en vel hefði verið staðið að því að uppræta það. Fram kom hjá foreldrum, eins og hjá öllum öðrum í úttektinni, að matsal vantar við skólann. Þann sal mætti einnig nota til annars, svo sem funda og viðburða.

8.2. Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf er við vinnustaði um starfsnám fyrir nemendur á starfsbraut en gert er ráð fyrir að nemendur sinni því einn morgun í viku. Að sögn skólastjórnenda er ekki um formlega samninga að ræða, heldur samið við þá vinnustaði sem höfðu til nemandans hverju sinni. Einnig er skólinn í samstarfi við grenndarsamfélagið í tengslum við áfanga sem kenndir eru í skólanum, s.s. fulltrúa úr atvinnulífinu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands í tengslum við áfanga í frumkvöðlafræði. Skólinn hefur unnið með björgunarsveitinni í sveitarfélaginu um björgunarsveitarnám, Knattspyrnufélagi Fjallabyggðar um knattspyrnuakademíu, ungmennafélaginu Glóa í Fjallabyggð um frjálsíþróttakennslu, leikskóla Fjallabyggðar um nám í barna- og unglingsþjálfun, samstaf við listhús í Fjallabyggð um kynningar erlendra listamanna og kennslu. Þá hefur skólinn verið í samstarfi við ABC barnahjálpi í tengslum við áfanga í þróunaraðstoð, Skema og Heimili og menntir um forritun, o.fl.⁷⁷

Skólinn er í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar. Nemendur geta pantað tíma hjá lækni eða sótt viðtalstíma skólahjúkrunarfræðings og leitað eftir ráðgjöf og aðstoð t.a.m. með líkamleg vandamál, næringu, svefn, andlega- og/eða félagslega líðan, vímuefni, kynfræðslu o.fl.⁷⁸

8.3. Lýðræði og þátttaka

Foreldrar sögðust eiga fremur auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann, upplifa vilja til samstarfs hjá skólameistara og aðgengi að stjórnendum sé gott.

8.4. Upplýsingaflæði

Foreldrar geta nálgast ýmsar upplýsingar á heimasíðu skólans en þar er m.a. að finna upplýsingar um námsbrautir, námsmat, stoðþjónustu, starfsmenn, áfangalýsingar, stefnur, ráð og nefndir, ársskýrslur, sjálfsmatsskýrslur, skóladagatal o.fl.⁷⁹ Að sögn þeirra er upplýsingamiðlun skólans góð, svo og heimasíða.

⁷⁷ Gögn frá skóla.

⁷⁸ Heimasíða MTR.

⁷⁹ Heimasíða MTR.

8.5. Mat úttektaraðila

- Foreldraráð er lítið virkt og virðist erfitt að auka virkni foreldra. Kosið er í ráðið á aðalfundi þess. Gott samstarf virðist vera milli foreldra og stjórnenda skólans og foreldrar hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið, m.a. á heimasíðu og kynningarfundum.
- Skólinn er í mjög miklu samstarfi við grenndarsamfélagið og hefur það gagnast báðum aðilum vel. Samstarf er við vinnustaði um starfsnám fyrir nemendur á starfsbraut og skólinn á í samstarfi við atvinnulífið í tengslum við áfanga sem kenndir eru í skólanum.

9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með heilsutengdar sérþarfir og nemendur með fötlun, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.⁸⁰

9.1. Almenn stöðþjónusta

Við skólann eru veitt sérstök úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika og gerðar áætlanir um námsframvindu. Stöðþjónusta skólans felst í sérkennslu og iðjuþjálfun. Ekki er skimað sérstaklega fyrir leshömlun nema í einstaka tilfellum eða nemendum komið í greiningu. Upptökuskólar í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð sjá um það og koma nemendur með greiningu frá þeim. Í upphafi skólaárs ræðir náms- og starfsráðgjafi við nýnema, skráir hverjir eru með leshömlun og upplýsir kennara. Langveikt barn hefur ekki stundað nám við skólann og því ekki reynt á gerð áætlana um námsframvindu. Nemendur sem eiga við síendurtekin veikindi að stríða eða eru þungaðir gefst kostur á að stunda fjarnám við skólann og útbýr náms- og starfsráðgjafi áætlun um námsframvindu með þeim. Nemendum er boðið upp á stuðningstíma. Skólinn hefur aðstöðu til þess að taka á móti líkamlega fötludum nemendum þótt ekki hafi reynt á hana. Einnig hefur verið kennt þar táknmál, en nemendur sem hafa þörf fyrir táknmál hafa ekki stundað nám við skólann.⁸¹ Í fyrsta sinn er nú nemandi við skólann sem ekki talar íslensku. Til er áætlun um móttöku slíkra nemenda og að sögn skólastjórnenda er verið að „fikra sig áfram” eftir henni. Nemandinn er ekki í fullu námi og fær tülkaþjónustu frá einstaklingi í sveitarfélaginu.

9.2. Starfsbraut

Starfsbraut er við skólann. Nám á brautinni er 200 einingar fyrir nemendur sem geta ekki nýtt sér almennt námsframboð framhaldsskóla nema að litlu leyti vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika. Brautinni lýkur með lokaprófi af starfsbraut og útskrift með öðrum nemendum og felst í að hafa lokið þeim einingum sem skilgreindar eru. 14 nemendur, 12 drengir og 2 stúlkur stunda nám á starfsbraut, þar af útskrifast fimm þeirra vorið 2015. Nemendurnir hafa ódæmigerða einhverfu, greindarskerðingar, seinkaðan þroska og eru að sögn skólastjórnenda á breiðu þroskabili. Sum þeirra eru að hluta til inni á öðrum brautum.

⁸⁰ Aðalnámskrá framhaldsskóla: 2011:60.

⁸¹ Gögn frá skóla.

Áhersla er á að auka félagsleg samskipti nemenda og undirbúa þá undir áframhaldandi nám við hæfi og/eða þátttöku á vinnumarkaði.⁸²

Hæfnimarkmið starfsbrautar eru að nemendur:⁸³

- *fái einstaklingsmiðuð námstækifæri*
- *auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna*
- *auki möguleika sína til áframhaldandi náms við hæfi*
- *öðlist fjölbreytta reynslu og kynnist möguleikum og margbreytileika íslenskrar menningar*
- *fái tækifæri til að stunda nám með ófötludum nemendum eins og kostur er*
- *fái tækifæri til að tengja saman nám og starfsþjálfun – í skóla og á vinnustað og öðlist vinnufærni eftir því sem kostur er*
- *fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að loknu námi.*

Námsmat er að sögn skólameistara leiðsagnarmat líkt og hjá öðrum nemendum, sjá kafla 3.3. Gerðar eru einstaklingsbundnar námsáætlanir fyrir nemendur á starfsbraut.⁸⁴ Að sögn skólameistara hefur námið verið í samræmi við stefnu skólans og markmið. Lögð hafi verið áhersla á að það sé í samræmi við nám við skólann með sérkennum hans. Einnig hafa sterkir nemendur á starfsbraut sótt áfanga úr almennu námi með stuðningi. Góð sátt ríki um brautina innan skólans, meðal foreldra, nemenda og í samfélaginu og staðfestist það hjá þeim sem rætt var við í úttektinni. Vinnustaðir hafa verið duglegir við að taka á móti nemendum. Markmiðið er að gera þau sem virkust og þau taka þátt í öllu sem gert er.

9.3. Mat úttektaraðila

- Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur byggt upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist sinna þörfum þeirra vel, m.a. með fjölbreyttum kennsluaðferðum og samvinnu við grenndarsamfélag. Úttektaraðilar telja að stoðþjónusta við nemendur sé í samræmi við aðalnámskrá og að komið sé til móts við þarfir nemendahóps skólans eftir því sem við á.
- Starfsbraut er við skólann og sinnir að mati úttektaraðila vel þeim einstaklingum sem hana stunda og í góðu samstarfi við annað skólastarf og grenndarsamfélagið.

⁸² Heimasíða MTR.

⁸³ Heimasíða MTR.

⁸⁴ Gögn frá skóla.

10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Hér að neðan er greint frá styrkleikum og veikleikum Menntaskólans á Tröllaskaga. Greiningin byggir á viðtölum við yfirstjórn, kennara, starfsmenn, nemendur, foreldra, náms- og starfsráðgjafa, sérkennara, umsjónarmann starfsbrautar og skólanefnd og mati úttektaraðila.

10.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Sérstaða skólastarfsins í námsfyrirkomulagi, fjölbreyttir og skapandi kennsluhættir, námsmat og sérhæfing í notkun upplýsingatækni. Lausnamiðað skólastarf með áherslu á þarfir nemandans.	Húsnæði of lítið og viðhaldi ábótavant.
Fyrirkomulag verkefnaskila með sterkum, ákveðnum rytma gefur gott utanumhald, festu í starfinu og dregur úr brottfalli.	Mötuneyti ekki til staðar.
Metnaðarfullt, samstillt starfsfólk, hátt menntunarstig starfsmanna og stöðugleiki í starfsmannahópi.	Skólaráð ekki valið fyrir en haust 2014.
Markviss og framtakssöm stjórnun og mikill trúverðugleiki stjórnenda. Ráðning í yfirstjórn fagleg og skilar breidd og víðsýni í stjórnendateymið.	Félagslíf nemenda á erfitt uppdráttar.
Öflug og áhugasöm skólanefnd.	Stærsta upptökusvæði skólans er fámenn. Fámenni getur hindrað fjölbreytni í skólastarfi, s.s. val.
Samstarf við smærri skóla í Fjarmentaskólanum.	Landfræðileg einangrun og nálægð við aðra skóla sem hefð er fyrir að sækja af svæðinu.
Góður starfsandi, mikil nánd, mjög mikil starfsánægja og ánægja nemenda með skólastarfið.	Fagleg einangrun kennara (einn kennari í grein).
Lítill, heimilislegur skóli þar sem list nemenda og kennara er sýnileg.	Skólinn hefur náð hámarksstærð miðað við húsnæði.
Einkunnarorð skólans; frumkvæði, sköpun, áráðni, koma skýrt fram í skólastarfinu.	

Jákvætt nærsamfélag og mikil tengsl skóla og samfélags, víðsýni starfsmanna skólans á samfélagið. Skólinn styrkir samfélagið með því að hækka menntunarstig. Eldri nemendur geta styrkt skólann.

10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þurfa skólinn og mennta- og menningarmálaráðuneytið að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

10.3.1. Skólinn

1. Nemendur eigi fulltrúa í sjálfsmatshópi svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins, sbr. lög um framhaldsskóla.
2. Nemendur verði virkari við endurskoðun skólanámskrár og útfærslu kennslunnar og skipulag, sbr. aðalnámskrá.
3. Skoða þarf betur líðan nýnema og af hverju svo mörgum nýnemum finnst námið of létt, sbr. könnun *Rannsóknar og greiningar*, sérstaklega í ljósi þess að allir nemendur sem sækja um skólann eru teknir inn.
4. Rýnt verði betur í skipulag félagsstarfs nemenda og ástæður fyrir slakri þátttöku þeirra.
5. Skoða mætti frekar hvað veldur áhugaleysi um fiskitæknibraut við skólann miðað við vægi sjávarútvegs í landinu.

10.3.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Meta þarf húsnæðisþörf skólans.
- Auka ætti starfshlutfall aðstoðarskólameistara þar sem álag er mikið á yfirstjórn og skipulag og stærð skólans gefur ekki tilefni til að fjölga millistjórnendum.
- Auka þyrfti formlegt samstarf milli skólastiga, m.a. með tilliti til hæfniprepa aðalnámskráa.

VIÐAUKAR

Viðauki 1 - Fjöldi nemenda eftir námsbrautum á vorönn 2013

Námsbraut	Stelpur	Strákar	Alls
Félags- og hugvísindabraut	34	14	48
Íþróttá og útvistarbraut	9	15	24
Náttúrufræðibraut	15	25	40
Listabraut	25	15	40
10. bekkur - fjarnemar	8	5	13
Starfsbraut	2	13	15
Ótilgreind braut – fjarnemar	21	10	31
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	0	2

Viðauki 2 - Fjöldi nemenda eftir námsbrautum 2010 - 2014

Braut	H-2010	V-2011	H-2011	V-2012	H-2012	V-2013	H-2013	V-2014
Félags- og hugvísindabraut	31	33	39	38	52	55	45	43
Físktæknibraut	1	2	1	1	1	4	0	0
Íþróttá- og útvistarbraut	7	13	13	11	22	33	26	20
Listabraut	17	22	16	22	35	45	31	32
Náttúruvísindabraut	14	15	19	21	32	31	35	34
Starfsbraut	0	0	7	7	9	8	12	12
Umhverfis- og auðlindabraut					14	6	0	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs					2	3	3	3
10. bekkingar					14	11	15	10
Ótilgreind fjarnámsbraut					6	8	13	17

HEIMILDIR

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.

Ársskýrsla skólans 2013 og 2014. Sótt af <http://www.mtr.is>

Gögn frá skóla. Send Attentus – mannauður og ráðgjöf af skólameistara og aðstoðarskólameistara.

Hagtíðindi. 2004, ágúst. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt af heimasíðu Hagstofu Íslands.

Heilsuefandi framhaldsskóli. Reykjavík: Embætti landlæknis. Sótt af

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item15390/Um%20HEF%20-%202012.pdf>.

Heimasíða MTR. Sótt af <http://www.mtr.is>

Rannsóknar og greiningar. 2014. Líðan 16-17 ára nemenda. Gögn send Attentus – mannauður og ráðgjöf af aðstoðarskólameistara.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997.

Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997.

Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007.

Sjálfsmatsskýrslur MTR fyrir skólaárin 2011-2014. Sótt af <http://www.mtr.is>

Starfsmannahandbók MTR. Gögn send Attentus – mannauður og ráðgjöf af skólameistara.

Stofnun ársins. Sótt af <http://www.sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/>

Úttekt á starfsemi Verzlunarskóla Íslands. 2014. Unnin af Attentus – mannauði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Úttekt á starfsemi Verkmenntaskólans á Akureyri. 2011. Unnin af Attentus – mannauði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Úttekt á starfsemi Menntaskólans við Hamrahlíð. 2011. Unnin af Attentus – mannauði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.